
Kjaratölfræðinefnd nóvember 2026

Kjaratölfræði

Haustskýrsla 2026



Haustskýrsla 2026

Kjaratölfræðinefnd

Nefndina skipa:

Edda Rós Karlsdóttir	formaður
Bjarki Vigfússon	forsætisráðuneyti
Einar Mar Þórðarson	fjármála- og efnahagsráðuneyti
Helgi Aðalsteinsson	Samband íslenskra sveitarfélaga
Jana Eir Víglundsdóttir	BSRB
	Hagstofa Íslands
Oddur S. Jakobsson	Kennarasamband Íslands
Ólafur Garðar Halldórsson	Samtök atvinnulífsins
Sigrún Brynjarsdóttir	BHM
Vignir Örn Hafþórsson	félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Þórir Gunnarsson	Alþýðusamband Íslands
Guðrún Svavarsdóttir og Marinó Melsted	sérfræðingar

CiRKUS	Hönnun og uppsetning

www.ktn.is

Efnisyfirlit

Inngangur **6**

1. Efnahagsmál **7**
1.1. Samantekt 7
1.2. Hagþróun 7
1.3. Verðbólga 12
1.4. Vextir 15
1.5. Fjármál hins opinbera 16
1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni 17
1.7. Fjárhagsstaða heimila 21

2. Vinnumarkaður **23**
2.1. Samantekt 23
2.2. Þróun vinnumarkaðar 23

3. Kjarasamningar **32**
3.1. Samantekt 32
3.2. Helstu kjarasamningar 32
3.3. Fjöldi samninga og fjöldi á kjörskrá 32
3.4. Forsenduákvæði og viðbrögð við forsendubresti 34

4. Laun og launaþróun **36**
4.1. Samantekt 36
4.2. Launaþróun 36
4.3. Kaupmáttur launa 41
4.4. Vægi markaða og heildarsamtaka 42
4.5. Launastig 42
4.6. Launadreifing 45
4.7. Launabreytingar miðað við launastig 46
4.8. Launaskrið 54

5. Laun eftir heildarsamtökum **62**
5.1. Inngangur 62
5.2. ASÍ 62
5.3. BHM 66
5.4. BSRB 70
5.5. KÍ 73

Viðaukar **76**

Samantekt

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru:

Laun, launaþróun og kjarasamningar

- Í yfirstandandi kjarasamningalotu sem hófst í mars 2024 hafa verið undirritaðir kjarasamningar við flest stéttarfélög launafólks, bæði á almennum og opinberum markaði.

- Yfir heildina litið má áætla að gerðir hafa verið um 260 kjarasamningar sem ná til langflests launafólks á vinnumarkaði. Óloknir samningar eru fáir og ná til u.þ.b. prósents af launafólki.

- Í kjarasamningum lotunnar var almennt samið til fjögurra ára og farin blönduð leið krónutölu- og prósentuhækkana, þar sem hækkun hvers árs var að lágmarki 23.750 árið 2024 eða 3,25% og sama lágmark eða 3,5% árlega eftir það. Kjarasamningsbundnar launahækkanir eru því hlutfallslega mestar á lægri laun.

- Auk launahækkana eru í samningunum ákvæði um skilyrta viðbótarlaunaauka, svo sem kauptaxta- og framleiðniauka á almennum markaði og launatöfluauka á opinberum markaði. Kauptaxtaauki kom til framkvæmda í apríl 2025 (0,58%) og apríl 2026 (0,06%) og launatöfluauki árið 2025 hjá BHM (1,24%) og BSRB (0,75%) hjá ríki.

- Samningar KÍ við ríki og sveitarfélög voru frábrugðnir öðrum samningum þar sem þeir byggja á innleiðingu virðismatskerfis og fela í sér sérstaka innáborgun gerða á grundvelli samkomulags um virðismatsvegferðar kennara.

- Forsendur kjarasamninga um verðbólgu í ágúst 2026 stóðust ekki þar sem verðbólga mældist 5,6% en viðmiðið var 4,7%. Í október 2026 náðist samkomulag SA við SGS, Eflingu og Samiðn um að samningar héldu gildi sínu en styttust um einn mánuð. Samkomulag SA við VR, LÍV, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM og Matvís heimilar að stytta samningstímann um allt að tvo mánuði haustið 2027 ef tiltekin verðbólguviðmið standast ekki. Ríkisstjórnin, Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga undirrituðu auk þess yfirlýsingu 8. október um aðgerðir til að ná niður verðbólgu.

- Sundurliðuð gögn KTN um launaþróun eftir mörkuðum byggja á launarannsókn Hagstofu Íslands og liggja fyrir frá upphafi núverandi lotu fram til júní 2026.

- Hækkun vísitölu grunntímakaups mældist 18,4% á almennum markaði á tímabilinu febrúar 2024 til júní 2026, 19,6% hjá ríki, 18,8% hjá Reykjavíkurborg og 20,1% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur. Á tímabilinu komu þrjár samningsbundnar launahækkanir til framkvæmda þvert á vinnumarkaðinn.

- Hækkun grunntímakaups á vinnumarkaðinum í heild mældist 18,7% frá febrúar 2024 til júní 2026, en almennt verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs hækkaði um 12,2% á sama tíma. Kaupmáttur grunntímakaups jókst því um 5,8%.

- Regluleg laun fullvinnandi á vinnumarkaði mældust að meðaltali 935 þúsund krónur í maí 2026 og miðgildi reglulegra launa 843 þúsund krónur.

- Meðaltal grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna mældist hæst á almennum markaði og næsthæst hjá ríkinu. Miðgildi reglulegra launa var hæst hjá ríkinu. Meiri munur mældist á meðaltali og miðgildi launa á almennum markaði en hjá hinu opinbera, sem endurspeglar meiri dreifingu launa á almennum markaði.

- Launabreytingar frá febrúar 2024 eftir launastigi sýna að prósentuhækkun var almennt mest hjá þeim sem höfðu lægst tímakaup á almennum markaði, en hjá ríki og sveitarfélögum er myndin ólíkari milli hópa og mótast meðal annars af sérstökum hækkunum KÍ vegna virðismatsvegferðar. Í skýrslunni er ný greining á launabreytingum umfram samningbundnar hækkanir, þar sem vísitala grunntímakaups er borin saman við kostnaðarmat kjarasamninga í lotunni. Launabreytingar umfram kostnaðarmat skýrast að hluta af innbyggðum hækkunum, aukum og öðrum metnum breytingum. Mat á innbyggðum hækkunum er frummat og niðurstöðurnar eru því birtar með fyrirvara.

Efnahags- og vinnumarkaðsmál

- Hagvöxtur hefur verið lítill síðustu ár. Landsframleiðsla dróst saman um 0,9% árið 2024 og jókst um 1,1% árið 2025 samkvæmt endurskoðuðum þjóðhagsreikningum Hagstofu Íslands, og um 1,3% á fyrri hluta ársins 2026 miðað við sama tíma árið áður.

- Dregið hefur úr vexti einkaneyslu en kortavelta jókst um 0,4% á þriðja ársfjórðungi. Vöruútflutningur dróst saman um 8,7% á fyrri hluta ársins en bætt viðskiptakjör vega á móti. Vöxtur ferðaþjónustu hefur verið lítill frá 2024.

- Framleiðni vinnuafls dróst saman um 3,4% árið 2024 en jókst um 2,7% árið 2025, og bráðabirgðatölur benda til tæplega 2% vaxtar á fyrri hluta ársins 2026.

- Dregið hefur úr spennu á vinnumarkaði. Fjölgun starfandi fólks er nær engin, lausum störfum hefur fækkað og atvinnuleysi hefur aukist, einkum meðal ungs fólks og fólks með erlent ríkisfang. Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar mældi 5,1% atvinnuleysi í september 2026 samanborið við 3,2% ári áður, en samkvæmt Vinnumálastofnun var hlutfall fólks á atvinnuleysisskrá 4,0% samanborið við 3,5% ári áður.

- Verðbólga hefur reynst þrálátari en spár gerðu ráð fyrir og mældist 5,9% í október. Stríðsátök í Persaflóa hafa átt stóran þátt í auknum verðþrýstingi. Horfur um verðbólgu ráðast að verulegu leyti af þróun stríðsátaka og áhrifum þeirra á alþjóðlegt orkuverð.

- Til að bregðast við aukinni verðbólgu hefur Seðlabankinn hækkað stýrivexti um samtals 0,75 prósentustig á árinu, í 8%, og hélt þeim óbreyttum í október. Lánveitendur hafa hækkað óverðtryggða vexti.

- Fjárhagsstaða heimila er almennt sterk. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur aukist þrátt fyrir verðbólgu og hærri vexti, og skuldir heimila hafa lækkað sem hlutfall af ráðstöfunartekjum.

Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá félags- og húsnæðismálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, BHM, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Sérfræðingar nefndarinnar eru hagfræðingarnir Guðrún Svavarsdóttir og Marinó Melsted. Kjaratölfræðinefnd vinnur með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað gott samstarf við undirbúning skýrslunnar.

Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti.

Í haustskýrslu nefndarinnar árið 2026 er fjallað um yfirstandandi kjarasamningslotu sem hófst í febrúar 2024. Í sumar barst nefndinni beiðni frá stýrihóp stjórnvalda, SA og ASÍ um að vinna greiningu á þróun launa umfram samningsbundnar launahækkanir, það sem kalla mætti launaskrið. KTN tók við þessu verkefni og í skýrslunni að þessu sinni er umfjöllun og tölfræði um launaskrið, þ.e. þróun launa umfram kostnaðarmat sem skipt er í innbyggðar hækkanir, auka og önnur metin áhrif, og launaskrið og óvissu.

Alls eru kaflar skýrslunnar fimm: efnahagsmál, vinnumarkaður, kjarasamningar yfirstandandi samningalotu, laun og launaþróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum, og talnaefni um heildarsamtök launafólks eftir mörkuðum. Auk þess eru viðaukar sem gera grein fyrir gögnum, grunnhugtökum og skipulagi íslensks vinnumarkaðar. Samhliða útgáfu skýrslunnar verður ítarlegu talnaefni um laun og launaþróun miðlað á vef nefndarinnar, ktn.is, en þar má einnig finna eldri skýrslur nefndarinnar og kynningar. Í skýrslunni er notast við tölulegar upplýsingar sem birtar voru fyrir 10. nóvember.

1. Efnahagsmál

1.1. Samantekt

Hagkerfið hefur vaxið hægt undanfarið, hagvöxtur var 1,1% árið 2025 og á fyrri hluta ársins jókst verg landsframleiðsla um 1,3% miðað við fyrri árshelming 2025. Dregið hefur úr vexti einkaneyslu á sama tíma og staðan á vinnumarkaði hefur versnað. Vöruútflutningur hefur dregist saman á árinu en bætt viðskiptakjör vega á móti. Ferðaþjónusta hefur haldið í horfinu en utanlandsferðum Íslendinga fækkað nokkuð það sem af er ári.


Verðbólga hefur aukist og var í ágúst yfir mörkum sem samið var um í síðustu kjarasamningum. Það kallaði á samtal Samtaka atvinnulífsins og viðsemjenda þeirra innan ASÍ um næstu skref sem sömdu um viðbragð og var kjarasamningum ekki sagt upp. Seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti vegna aukinnar verðbólgu og hárra verðbólguvæntinga. Spár benda til að verðbólga haldist yfir 2,5% verðbólgumarkmiði út næsta ár.

Almennt er fjárhagsstaða heimila sterk. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist að undanförnu, þrátt fyrir aukna verðbólgu og hærri vexti, en skuldir hafa lækkað sem hlutfall af ráðstöfunartekjum. Væntingar heimila og fyrirtækja til efnahagsþróunar hafa batnað lítillega frá því þær voru lægstar í sumar.

1.2. Hagþróun

Verg landsframleiðsla óx hægt síðustu tvö ár. Samkvæmt endurskoðuðum þjóðhagsreikningum sem komu út í ágúst drósti landsframleiðslan saman um 0,9% árið 2024 en jókst um 1,1% árið 2025. Meiri kraftur var þó í innlendri eftirspurn en þjóðarútgjöld jukust um 1,7% árið 2024 og 3,6% árið 2025, þrátt fyrir aðhaldssama peningastefnu sem tók mið af því að kæla hagkerfið og ná tökum á verðbólgu. Þó hagvöxtur hafi verið lítill árin 2024 til 2025 var framan af þróttur á vinnumarkaði en síðustu misseri hefur staðan breyst, atvinnuleysi aukist og dregið úr fjölgun starfandi. Í ágústspá Seðlabanka Íslands var gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,4% í ár en fari síðan vaxandi og verði 1,9% árið 2027 og 2,6% árið 2028.

Mynd 1.1. ***Hagvöxtur og framlag undirliða. Vöxtur landsframleiðslu á föstu verðlagi samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri.***



Heimildir: ***Hagstofa Íslands.***


Á fyrsta ársfjórðungi jókst verg landsframleiðsla um 3,8% frá fyrsta ársfjórðungi 2025. Þetta mátti rekja að mestu til loðnuvertíðar, en árið áður veiddist nánast engin loðna. Viðsnúningur varð hins vegar á öðrum ársfjórðungi þegar landsframleiðslan dróst saman um 1,1% milli ára sem mátti m.a. rekja til samdráttar í útflutningi og lítils vaxtar einkaneyslu. Sveiflur milli ársfjórðunga geta verið talsverðar en ef miðað er við fyrri hluta árs var hagvöxtur 1,3%, sem er á svipuðu reki og þróunin á síðasta ári.

Á síðasta ári jókst einkaneysla um 3,6% og hafði ekki aukist jafn mikið frá árinu 2022. Á þessu ári dró úr aukningu einkaneyslu, en hún jókst um 0,8% milli ára á öðrum ársfjórðungi og 1,3% milli ára á fyrri hluta ársins samanborið. Minni vöxtur einkaneyslu er í samræmi við aðrar vísbendingar um að hægi á hagkerfinu, en kortavelta jókst um tæplega 2% að raunvirði milli ára á fyrri hluta ársins, samanborið við 5,8% aukningu milli ára allt árið 2025 og af kortaveltu sést að hægt hefur á neyslu erlendis í ferðalögum. Þá hefur hægt á vinnumarkaði en á fyrri hluta ársins fjölgaði störfum á staðgreiðsluskrá einungis um 0,1% milli ára, atvinnuleysi jókst og lausum störfum fækkaði. Hækkandi vextir á lánum hafa aukið greiðslubyrði og verðhækkanir, einkum á eldsneyti, hafa aukið kostnað. Minni vöxt einkaneyslu á fyrri hluta ársins má að hluta rekja til samdráttar í bifreiðakaupum, en nýskráningum bíla fækkaði um 4,5% á fyrri hluta ársins miðað við fyrri helming síðasta árs.

Hluta samdráttar má rekja til þess að kaupum á nýjum bifreiðum var líklega flýtt undir lok árs 2025 vegna breytingar á skattlagningu bifreiða sem tóku gildi um áramótin. Miðað við þróun á kortaveltu og á vinnumarkaði eru líkur á hóflegum vexti einkaneyslu á seinni hluta ársins 2026. Kortavelta á þriðja ársfjórðungi jókst um 0,4% að raunvirði og staðan á vinnumarkaði er þrengri. Þó hægist á vinnumarkaði og dragi úr vexti kortaveltu hækkaði væntingavísitala Gallup frá því hún náði botni innan ársins á öðrum ársfjórðungi

eins og sést á mynd 1.2. Mældist hún 61,4 á þriðja ársfjórðungi sem þýðir að enn séu þó fleiri svartsýnir en bjartsýnir á núverandi stöðu og til framtíðar. Í ágústspá Seðlabanka Íslands er reiknað með að einkaneysla aukist um 1,2% á árinu, en gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um 2,2% árið 2027 og 3% árið 2028 eftir því sem útflutningshorfur batna og atvinnuleysi minnkar.

Mynd 1.2. ***Væntingavísitala Gallup gagnvart núverandi stöðu og til framtíðar, meðaltal ársfjórðunga, 2014F1–2026F3.***



Skýringar: Þegar væntingavísitala Gallup er yfir 100 eru fleiri jákvæðir og ef hún er lægri eru fleiri neikvæðir. Vísitalan mælir skoðun fólks á núverandi efnahagsaðstæðum, væntingar til efnahagslífsins eftir 6 mánuði, mat á núverandi ástandi í atvinnumálum, væntingar til ástands í atvinnumálum og til heildartekna eftir 6 mánuði.
Heimild: ***Gallup.***


Fjárfesting jókst mikið frá lokum heimsfaraldursins og var framlag fjárfestingar til hagvaxtar jákvætt síðustu fimm ár. Hlutfall fjárfestingar í vergri landsframleiðslu var um 26,9% árið 2025 og hefur ekki verið jafn hátt síðan árið 2007. Innlend fjármögnunarskilyrði voru framan af hagstæð og aukning fjárfestingar á breiðum grunni. Með hækkandi vöxtum og aukinni greiðslubyrði hefur vöxtur fjárfestingar í auknum mæli verið drifinn áfram af færri atvinnugreinum en áður. Fjárfestingar í byggingageira drógust saman síðustu tvö ár. Þannig dróst íbúðafjárfesting t.d. saman um 5,4% árið 2025 og fjárfestingar í fasteignaviðskiptum drógust saman um 5%.

Aukning fjárfestingar í fyrra tengdist að miklu leyti uppbyggingu í gagnaversiðnaði. Talsverð uppbygging hefur verið í mannvirkjum sem hýsa gagnaverin með tilheyrandi umsvifum í hagkerfinu en stærstur hluti fjárfestingarinnar hefur verið innflutningur á mjög verðmætum tölvubúnaði, sem einn og sér hefur lítil samtímaáhrif á hagvöxt og atvinnustig en mun m.a. skila sér í auknum þjónustuútflutningi með áhrifum á hagvöxt í framtíðinni. Á síðasta ári jókst fjárfesting um 4,8% en án skipa, flugvéla og tölvubúnaðar fyrir gagnaver[1] jókst hún um tæplega 1,7%. Hlutfall fjárfestinga af vergri landsframleiðslu án tölvubúnaðar fyrir gagnaver var engu að síður hlutfallslega hátt, eða 24% á síðasta ári, miðað við að meðaltal síðustu 25 ára var um 22%.

1 Nálgun á fjárfestingu án tölvubúnaðar felst í að draga frá fjárfestingu Ísat flokka 62 (Tölvuforritun, tölvuráðgjöf og tengd starfsemi) og 63 (Upplýsingaþjónusta). Önnur tölvu- og upplýsingastarfssemi er innifalin en síðustu ár hefur tölvubúnaður á vegum gagnavera verið langstærsti þátturinn í samtölu flokkana.

Á fyrri hluta þessa árs minnkaði fjárfesting um tæplega 2% frá sama tíma á síðasta ári, en fjárfesting án skipa, flugvéla og tölvubúnaðar fyrir gagnaver jókst um 1,2%. Það sem af er ári hefur íbúðafjárfesting og opinber fjárfesting dregist saman en á móti kom umtalsvert aukin fjárfesting í orkuvinnslu og veitum. Á mynd 1.3 sést þróun fjárfestingar án skipa, flugvéla og tölvubúnaðar fyrir gagnaver ásamt fjölda starfandi í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Þar sést að fjárfesting og fjöldi starfandi í byggingageiranum hefur haldist í hendur og hefur vöxturinn minnkað síðustu ár

Mynd 1.3. ***Ársbreyting í fjárfestingu án skipa/flugvéla og tölvubúnaðar fyrir gagnaver, starfandi í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 2000–2025 (vinstri). Vinnsluvirði ferðaþjónustu og fjöldi starfandi í ferðaþjónustu 2010–2026, ársbreyting (hægri).***




Heimild: ***Hagstofa Íslands. Fjárfesting án skipa, flugvéla og tölvubúnaðar fyrir gagnaver byggir á sérvinnslu.***

Miklar sviptingar hafa verið í utanríkisviðskiptum síðustu ár, en loðnubrestur, orkuskerðingar í stóriðju vegna lágrar stöðu miðlunarlóna, alþjóðlegt tollastríð og skert framleiðslugeta í málmiðnaði héldu aftur af útflutningi. Á fyrri hluta ársins minnkaði vöruútflutningur um 8,7% miðað við sama tíma á síðasta ári. Þrátt fyrir að loðnuvertíð hafi aukið útflutning á fyrsta ársfjórðungi vegur kvótaskerðing á mikilvægum tegundum eins og þorski á móti og dróst útflutningur sjávarafurða saman á öðrum ársfjórðungi þegar loðnuvertíð var lokið. Einnig hafði skert framleiðslugeta í áliðnaði neikvæð áhrif á fyrri hluta ársins, en útlit er fyrir að útflutningur áls aukist aftur á seinni hluta ársins. Þó minna hafi verið flutt út í þessum tveimur mikilvægu útflutningsgreinum, þá vegur á móti að verð á útflutningi greinanna hefur verið með besta móti. Verð á útflutningi sjávarafurða mælt í erlendum gjaldeyri jókst um rúmlega 18% á fyrri hluta ársins og verð á útfluttu áli um 20%. Viðskiptakjör bötnuðu í heild um 5% á fyrri hluta ársins, þrátt fyrir sterkara gengi krónunnar.

Ferðaþjónustan er einnig mikilvæg stoð í útflutningi en vöxtur í greininni hefur verið lítill frá 2024. Komum ferðamanna um Keflavíkurflugvöll fækkaði um 0,9% á fyrri hluta ársins en fjöldi gistinátta erlendra ferðamanna á hótelum jókst um 1%. Á þriðja ársfjórðungi fækkaði komum ferðamanna um Keflavíkurflugvöll um 0,5% en gistinóttum fjölgaði um 0,8%. Vöxtur ferðaþjónustu síðustu ár átti talsverðan þátt í fólksfjölgun en eftir því sem hægt hefur á ferðaþjónustu hefur einnig hægt á fjölgun starfa eins og sést á mynd 1.3 til hægri.

Mikinn hagvöxt hér á landi síðustu ár mátti að stórum hluta rekja til mikillar fólksfjölgunar. Á mynd 1.4 til hægri má sjá að hagvöxtur á Íslandi var mestur miðað við evrusvæðið og Norðurlönd á tímabilinu 2019–2025. Ef greint er á milli hagvaxtar á mann og fólksfjölgunar, eins og sést á mynd 1.4 til vinstri, var hagvöxtur hér að mestu vegna fjölgunar íbúa. Á tímabilinu var hagvöxtur á mann minnstur hér á landi að Finnlandi undanskildu.

Mynd 1.4. ***Fjölþjóðlegur samanburður á þróun landsframleiðslu á föstu verðlagi, vísitölur 2019–2025 (til vinstri) og meðalvöxtur landsframleiðslu á föstu verðlagi sundurgreindur í fjölgun íbúa og hagvöxt á mann 2019–2025 (til hægri).***




Heimild: ***Eurostat.***

1.3. Verðbólga

Verðbólga hefur reynst þrálát en í október mældist hún 5,9%. Stríðsátök í Persaflóa sem hófust í febrúar eiga stóran þátt í auknum verðþrýstingi á árinu. Áhrif átakanna voru mikil á eldsneytisverð og flugsamgöngur og reikna má með afleiddum áhrifum á aðrar vörur vegna aukins flutningskostnaðar. Óvissa vegna stríðsátakanna er enn umtalsverð og má búast við áframhaldandi sveiflum í eldsneytis- og orkuverðum á alþjóðavísu.

Mynd 1.5. ***Verðbólga með og án húsnæðisliðar janúar 2019 til október 2026.***



Skýringar:
Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Ársbreyting vísitölu neysluverðs var á hægri niðurleið frá 2023 og 2024. Árið 2025 sveiflaðist verðbólga í kringum 4% og varð minnst 3,7% í nóvember. Í ár hefur verðbólgan að mestu verið yfir 5% og var verðbólgan í ágúst sú mesta frá því í ágúst 2024.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 5,9% í október frá fyrra ári. Verðbólga hefur verið á nokkuð breiðum grunni undanfarin misseri en þó eru vísbendingar um að verðþrýstingur sé ekki eins víðfeðmur og áður. Svokallaðar „kjarnavísitölur“ mæla neysluverðsvísitölu án sveiflukenndra liða. Kjarnavísitala 2 sem undanskilur búvörur, ávexti, grænmeti, bensín og opinbera þjónustu hækkaði um 5% í október frá fyrra ári, en kjarnavísitala 4 sem undanskilur búvörur, bensín, opinbera þjónustu og húsaleigu, jókst um 4,7%. Ef litið er á 13 helstu undirvísitölur vísitölu neysluverðs, þá voru árshækkanir yfir 4% í rúmlega 60% af flokkunum í október.


Dregið hefur úr árshækkunum á ýmsum liðum frá upphafi ársins. Árshækkun verðs á mat- og drykkjarvörum var 3,9% í október samanborið við 5,9% í janúar, en hjöðnunina má einkum rekja til innlendra matvara. Þá hefur dregið úr verðhækkunum á almennri þjónustu (sem undanskilur ferðaþjónustu, húsnæði og opinbera þjónustu)[2] en árshækkun hennar var 5,5% í október samanborið við 6,1% í janúar. Innfluttar vörur hafa haldið aftur

2 Um er að ræða liðinn “önnur þjónusta” í nýjum greiningarvísitölum Hagstofunnar, en undir hann heyrir ýmis þjónusta einkaaðila, t.d. viðgerðir, heimilishjálp, hár- og önnur snyrting og tannlækningar og aðrar lækningar sem ekki eru greiddar af hinu opinbera. Sjá nákvæmari flokkun í flokkunartöflu Hagstofunnar fyrir vísitölu neysluverð eftir eðli og uppruna hér Flokkunartafla fyrir vísitölu neysluverðs eftir eðli og uppruna.

af verðbólgu á árinu, þó dregið hafi úr áhrifunum vegna hækkana á eldsneytisverði síðustu mánuði. Gengi krónunnar er sterkara en í upphafi árs og verðbólga í viðskiptalöndum hefur verið hófleg. Verð innfluttra vara hafði þannig hækkað um 0,9% frá fyrra ári í október, en sá hluti vegur um 25% í vísitölunni. Mestu breytingarnar hafa hins vegar verið í liðum vísitölu neysluverðs sem snúa að ferðaþjónustu, en hún hækkaði um 15,4% frá fyrra ári í október, sem má að stórum hluta rekja til hækkunar á verði eldsneytis.

Í upphafi ársins hækkuðu opinber gjöld og voru verðbólguáhrifin rúmlega 0,3%. Ýmsar stofnanir og opinber fyrirtæki hækkuðu einnig verð á sinni þjónustu, m.a. fyrir háskólamenntun, heilbrigðisþjónustu, fráveitur og hitaveitu í lok síðasta árs. Á móti vógu tímabundnar lækkanir virðisaukaskatts á eldsneyti, frá 1. maí til ágústloka, sem dró tímabundið úr hækkun vísitölunnar um 0,32 prósentustig og gekk til baka í september. Í október skrifuðu stjórnvöld undir yfirlýsingu í tengslum við samkomulög um að kjarasamningar haldi gildi sínu í október þar sem fram kemur að miðað er við að hækkanir á gjöldum og gjaldskrám opinberra stofnanna fari ekki yfir 2,5% á næsta ári og eru sveitarfélög og opinber fyrirtæki hvött til að gera það sama. [3]

Mynd 1.6. ***Ársbreytingar húsnæðisverðs janúar 2019–október 2026 (vinstri) og árbreyting leigu (hægri), janúar 2019–september 2026.***




Heimildir: ***Hagstofa Íslands og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.***

Í október var verðbólga 5,9% en án húsnæðis var hún einnig 5,9%. Munur á ársbreytingu með og án húsnæðis gefur til kynna áhrif húsnæðis á verðbólgu og hafa hann ekki verið jafn lítill síðan í apríl 2021. Húsnæðisliður vísitölu neysluverðs hækkaði um 6,1% frá fyrra ári í október en dró úr hlut þess í verðbólgu á árinu eftir því sem húsnæðismarkaður kólnaði. Hátt vaxtastig minnkaði spurn eftir húsnæði og dró mjög úr hækkun fasteignaverðs frá því þær voru mestar árið 2024. Raunverð fasteigna hafði lækkað um 3,5% frá fyrra ári í október og hefur tólf mánaða breyting lækkað í hverjum mánuði frá því í ágúst 2025. Ársbreyting leiguverðs að raunvirði stóð nokkurn veginn í stað á fyrri hluta árs, en hefur lækkað þrjá mánuði í röð og í október lækkaði leiguverð um 2,6% að raunvirði.

3 Sjá frétt Hagstofunnar. https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/verdlag/visitala-neysluverds-i-mai-2026/ og Vísitala neysluverðs í september 2026 - Hagstofa Íslands.

Flestar verðbólguspár gera nú ráð fyrir meiri verðbólgu á árinu en væntingar stóðu til í upphafi árs. Verðbólguvæntingar hafa einnig almennt aukist á flesta mælikvarða til skamms og millilangs tíma. Seðlabanki Íslands kannar reglulega væntingar markaðsaðila og í nýjustu könnun bankans sem kom út í nóvember fyrir fjórða ársfjórðung lækkuðu væntingar milli ársfjórðunga. Verðbólguvæntingar til næstu tólf mánaða lækkuðu um 0,15% og til næstu fimm ára um 0,1% milli ársfjórðunga. Verðbólguvæntingar eru þó hærri en þær voru á sama tíma fyrir ári. Ef litið er til skuldabréfamarkaðar jukust verðbólguvæntingar byggðar á fimm ára skuldabréfum einnig á árinu eins og sést á mynd 1.7. Í ágústspá Seðlabanka Íslands var gert ráð fyrir að verðbólga á árinu yrði 5,4% og jókst matið um 0,2% frá fyrri spá. Á næsta ári er reiknað með að verðbólga verði 3,6% og að hún verði nálægt 2,5% verðbólgumarkmiði bankans árið 2028, í fyrsta sinn síðan árið 2020.

Mynd 1.7. ***Væntingar markaðsaðila um verðbólgu til 5 ára og 1 árs og mismunur óverðtryggðra og verðtryggðra vaxta til 5 ára.***




Heimild: ***Seðlabanki Íslands.***

Í september var ljóst að forsenduákvæði í kjarasamningum myndu ekki halda (sjá nánari umfjöllun í kafla 3.4) og var því í höndum launa- og forsendunefndar kjarasamninga á almennum markaði að meta og semja um viðbrögð. Þann 8. október höfðu aðilar komist að samkomulagi um að halda gildandi kjarasamningum, að gefnum ákveðnum skilyrðum. Hluti af þeim skilyrðum var að beina því til fyrirtækja að halda aftur af verðhækkunum og hafa nokkur stór fyrirtæki þegar dregið úr verðhækkunum. Samhliða ákváðu stjórnvöld einnig að hækka flest gjöld og gjaldskrár sem hafa áhrif á vísitölu neysluverðs ekki umfram 2,5% á næsta ári.

Óvissa hefur því minnkað á vinnumarkaði sem eykur líkur á að verðbólga hjaðni. Áfram er þó óvissa um verðþróun olíu á alþjóðamörkuðum og verðbólgu í viðskiptalöndum. Á móti vegur að í október hafði gengi krónunnar styrkst um rúmlega 4% frá því í júní miðað við mánaðarmeðaltöl, sem gæti haldið aftur af hækkunum á innfluttum vörum á næstu misserum.

Verðbólga hér á landi hefur að jafnaði verið meiri síðustu ár miðað við helstu viðskiptalönd en í fyrra var verðbólga hér á landi 4,1% á meðan hún var 2,3% hjá helstu viðskiptalöndum. Verðbólga hér á landi hjaðnaði hægar en á Norðurlöndunum og á evrusvæðinu í kjölfar heimsfaraldursins árin 2022–2023. Verðbólga í helstu viðskiptalöndum hafði þá ekki verið meiri áratugum saman. Kostnaðarþrýstingur jókst á heimsvísu vegna hækkandi orkuverðs í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu, auk þess sem truflanir í framleiðslukeðjum á heimsvísu vegna heimsfaraldursins höfðu áhrif víða. Í upphafi 2026 hleyptu stríðsátök í Persaflóa upp orku- og eldsneytisverði á ný og komu fyrstu áhrifin fram í sumar í helstu viðskiptalöndum. Áhrifin voru þó mun mildari en árin 2022–23. Í ágústspá Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir að verðbólga í helstu viðskiptalöndum verði 2,7% og hjaðni síðan í 2,3% árið 2027.

Mynd 1.8. ***Verðbólga hér og í öðrum Evrópulöndum. Samræmd vísitala neysluverðs janúar 2019–september 2026 (vinstri) og árshækkun á raunverði húsnæðis, 1. ársfjórðungur 2019–2. ársfjórðungur 2026 (hægri).***




Skýringar: Samræmd vísitala neysluverðs er án húsnæðisverðs.
Heimildir: ***Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.***

1.4. Vextir

Þann 7. október ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum og eru þeir áfram 8%. Stýrivextir voru hækkaðir síðustu þrjá vaxtaákvörðunarfundi á undan og hafa þeir hækkað samtals um 0,75 prósentustig á árinu. Nefndin var sammála um að halda vöxtum óbreyttum. Í yfirlýsingu nefndarinnar er nefnt að þörf sé á að viðhalda taumhaldi peningastefnunnar í ljósi þrálátrar verðbólgu. Aukning verðbólgu hafi að mestu verið vegna áhrifa stríðsátaka í Mið-Austurlöndum og hækkunar opinberra gjalda. Í yfirlýsingunni er bent á að hægt hafi á efnahagsumsvifum, en þrátt fyrir það sé verðbólga og verðbólguvæntingar of háar.

Mynd 1.9. ***Stýrivextir (vinstri) og raunstýrivextir út frá liðinni verðbólgu (hægri) hér á landi, í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu.***



Skýring: Myndin til vinstri sýnir daglegar tölur frá 1. janúar 2019 til 17. september 2026. Myndin til hægri sýnir mánaðarlegar tölur frá janúar 2019 til ágúst 2026.
Heimild: ***Seðlabanki Íslands.***

Stýrivextir á Íslandi hafa verið talsvert hærri en í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu undanfarin ár. Á mynd 1.9 til vinstri sést að nafnvaxtamunurinn hefur aukist á árinu, sem endurspeglar meiri verðbólgu og verri verðbólguhorfur hér á landi. Munur á raunstýrivaxtastigi, þ.e. vöxtum að frátalinni verðbólgu, er minni eins og sést á mynd 1.9 til hægri. Á evrusvæðinu og í Bandaríkjunum hefur peningalegt aðhald minnkað á árinu miðað við raunvexti en á Íslandi hefur aðhaldið aukist.

1.5. Fjármál hins opinbera

Fjárlög fyrir árið 2027 voru lögð fyrir Alþingi í september. Í fjárlögum er áætlað að 5 milljarða króna afgangur verði á rekstri ríkissjóðs. Miðað við alþjóðlega staðla sem notaðir eru við þjóðhagsreikninga (e. Government Finance statistics) yrði það í fyrsta skipti síðan 2018 sem ríkissjóður yrði rekinn með afgangi.[4] Í heimsfaraldrinum var ríkissjóður rekinn með halla eins og víða í öðrum löndum. Mestur varð hallinn 8,4% af vergri landsframleiðslu árið 2020 en eftir það dró úr hallanum þegar sérstökum úrræðum vegna faraldursins var hætt og hagkerfið náði bata. Hallinn jókst aftur árið 2024 en þá jukust útgjöld vegna eldgoss á Reykjanesskaga.

4 Sjá gögn Hagstofu Íslands.á GFS staðli. Miðað við ríkisreikning, sem er gerður upp á alþjóðlegum reikningsskilataðli (IPSAS,) var síðast afgangur árið 2019.

Fyrirhugaðar aðgerðir á tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs nema um 66,6 ma. kr. en áætlað er að um 2/3 hluti heildarupphæðar aðgerðanna komi í formi aðhalds á útgjaldahliðinni og 1/3 í formi nýrra tekjuráðstafanna. Ef áætlun í fjárlögum gengur eftir batnar afkoma ríkissjóðs um 68,7 milljarða milli áranna 2026 og 2027[5] en það er um 1,2% af áætlaðri landsframleiðslu þess árs. Frumjöfnuður[6] var jákvæður á síðasta ári og er áætlað að jöfnuðurinn verði jákvæður um tæplega 58 milljarða króna í ár og tæplega 111 milljarða árið 2027. Þó gert sé ráð fyrir afgangi á fjárlögum á næsta ári er áætlað að skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu verði 38%, sem er jafnhátt hlutfall og áætlað er fyrir árið 2026.

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að aukning á krónutölugjöldum (áfengis-, tóbaksara-, bifreiðagjöld o.s.frv.) ásamt sérstakri aukningu kílómetragjalds auki tekjur um 10,5 ma. kr. Almennt hækka gjöld í takt við verðbólguspá Seðlabanka Íslands en áætlað er að áhrif aukningar krónutölugjalda á verðbólgu verði í kringum 0,28% til hækkunar. Í tengslum við samkomulög vegna forsendubrests kjarasamninga í október undirrituðu stjórnvöld yfirlýsingu þar sem þau lýstu yfir að krónutölugjöld sem hafa bein áhrif á vísitölu neysluverðs muni ekki hækka umfram 2,5%, að kílómetragjaldi undanskildu. Ráðstafanir á útgjaldahlið fela m.a. í sér almenna aðhaldskröfu upp á 1% með nokkrum undantekningum, fækkun stöðugilda auk sértækra ráðstafana, m.a. minni fjárfestingu. Áætlanir um minni fjárfestingu má einkum rekja til endurmats á framvindu fjárfestingaverkefna og aðlögun að uppfærðum framkvæmdaáætlunum, en ónýttar fjárheimildir fyrri ára verða notaðar ef þörf krefur og er ekki gert ráð fyrir hægari framgangi verkefna.[7]

1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni

Framleiðni er mælikvarði á það hvað mikið af vörum og þjónustu (þ.e. afurðum) verða til úr tilteknu magni af aðföngum (vinnu, fjármagni og hráefni). Þegar framleiðni vex, er hægt að framleiða meira með óbreyttu magni aðfanga. Meira verður því til skiptanna milli launafólks og fjármagnseigenda. Þegar framleiðni vex má því allajafna hækka laun án þess að það kalli á verðhækkanir á framleiddum afurðum eða lækkun hagnaðar. Til eru mismunandi mælikvarðar á framleiðni, þ.e. framleiðni vinnuafls (framleiðsla á vinnustund), framleiðni fjármagns (framleiðsla á einingu tækja, véla, húsnæðis o.þ.h.) og heildarframleiðni (framleiðsla mæld á öll aðföng). Einfaldast er að meta framleiðni vinnuafls og er hún reiknuð sem verg landsframleiðsla á unna klukkustund.[8] Heildstætt mat á framleiðni fjármagns og heildarframleiðni hefur ekki verið gert fyrir Ísland.

Framleiðni jókst að meðaltali um 1,1% ári á Íslandi á síðustu tíu árum. Þróunin hefur verið sveiflukennd milli ára. Árið 2023 jókst framleiðni um 1,2% en árið 2024 drósti hún saman um 3,4%, en það ár var þróttmikill vöxtur á vinnumarkaði á sama tíma og verg landsframleiðsla dróst saman. Á síðasta ári varð viðsnúningur þegar framleiðni jókst um 2,7%. Bráðabirgðatölur fyrir fyrri helming ársins benda til tæplega 2% framleiðnivaxtar.


5 Samkvæmt samstæðuyfirliti fyrir A-hluta.

6 Frumjöfnuður er mismunur tekna og gjalda fyrir vaxtatekjur og gjöld.

7 Sjá fjárlög bls. 128-9. stjornarradid.is/library/?itemid=6d41488b-6385-438f-8ae7-0eedddffe8fe

8 Auk framleiðni vinnuafls (e. labour productivity), sem mælir afköst á vinnustund, eru t.d. fjölþáttaframleiðni (e. capital productivity), sem mælir afköst á virði fjárfestingar, og heildarframleiðni aðfanga (e. total factor productivity). Mæling á fjármagns- og heildarframleiðni er flókin í framkvæmd, en heildarframleiðni gefur bestu heildarmyndina af tækniframförum.

Mynd 1.10. ***Árlegur vöxtur framleiðni eftir atvinnugreinum (til vinstri) og alþjóðlegur samanburður á framleiðnivexti (til hægri).***




*Skýringar: Á mynd til vinstri er framleiðnivöxtur skilgreindur sem breyting vinnsluvirðis á föstu verðlagi á vinnustund milli ára, en á mynd til hægri eru sýndar breytingar milli ára á landsframleiðslu á föstu verðlagi á vinnustund. * Í flokknum framleiðsla eru auk eiginlegrar framleiðslu námugröftur, veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs.** Undir heildsölu og verslun flokkast líka samgöngur, geymslusvæði, og rekstur veitinga- og gististaða. Flokkurinn sjávarútvegur byggir á sérvinnslu fyrir KTN en þar eru dregnar saman fiskveiðar og eldi ásamt fiskvinnslu. Ferðaþjónusta byggir á ferðaþjónustureikningum.*
Heimildir: ***Hagstofa Íslands (sérvinnsla fyrir sjávarútveg) og Eurostat.***

Umtalsverður munur getur verið á vexti framleiðni eftir atvinnugreinum. Á mynd 1.10 til vinstri sést að á síðustu tíu árum var mestur vöxtur á ári í ferðaþjónustu, heildsölu og verslun. Síðustu þrjú ár hefur framleiðni lítið breyst fyrir hagkerfið í heild en mikið innan einstakra greina. Tímabilið hefur m.a. einkennst af framboðsáföllum í sjávarútvegi og málmiðnaði. Ekki varð sambærilegur samdráttur í vinnustundum í þessum greinum og því dró úr framleiðni. Framleiðnivöxtur hefur verið nokkuð stöðugur í heildsölu og verslun. Vöxtur framleiðni í ferðaþjónustu var 1,1% að meðaltali á ári árin 2022–25. Það er minna en undanfarinn áratug en hafa verður í huga að miklar sveiflur voru í greininni vegna heimsfaraldurs, en staða greinarinnar hefur verið stöðugri undanfarin tvö ár.

Framleiðni hefur þróast á mismunandi hátt meðal Norðurlandanna síðustu ár, eins og sést á mynd 1.10 til hægri. Síðasta áratuginn var árlegur framleiðnivöxtur mestur í Danmörku (1,2%) og á Íslandi (1,1%). Minnst árleg aukning var í Finnlandi og Noregi. Sé horft til síðustu þriggja ára var aukningin mest í Danmörku sem sker sig úr, en þar óx framleiðni um 2,5% að jafnaði á ári Framleiðniaukning á Íslandi var engin, og jafnframt sú minnsta meðal Norðurlandanna.

Hlutur launa og launatengdra gjalda í vergri landsframleiðslu hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu árin og sveiflast í kringum 60%. Lægst varð hlutfallið í fjármálakreppunni árið 2009 og varð um 50%, en í kjölfarið jókst hlutur launa hægt og bítandi og náði hámarki í 62,8% af vergri landsframleiðslu árið 2018.

Mynd 1.11. ***Til vinstri, vísitala viðskiptakjara 1. ársfjórðungur 2006–2. ársfjórðungur 2026. Til hægri, raungengi miðað við mismunandi mælikvarða.***



Vinstri mynd: Vísitölur 2019 Á1=100. Hægri mynd: Vísitölur, 2015=100.
Heimildir: ***Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.***


Raungengi mælir hlutfallslegt verð eða laun milli landa og er því gagnlegur mælikvarði á samkeppnisstöðu landa, en hækkandi raungengi bendir til versnandi samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

Mynd 1.11 sýnir þróunina síðustu ár en vísitölurnar jafngiltu 100 árið 2015 og sést að raungengi hefur hækkað talsvert á síðustu 10 árum. Raungengi miðað við hlutfallslegan launakostnað hefur ekki verið hærra síðan árið 2017 og hækkaði um 7,6% á síðasta ári. Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag árið 2025 var hins vegar nálægt sínu hæsta í þrjátíu ár, ef undan er skilið árið 2005. Sá mikilvægi munur er hins vegar á milli þessara tímabila að viðskiptajöfnuður árið 2005 var neikvæður um 15,5% af vergri landsframleiðslu, samanborið við tæplega 4% árið 2025. Ef miðað er við raungengi sem byggir á samræmdri vísitölu neysluverðs[9] hefur það einnig hækkað talsvert, en er nokkuð fjarri hæstu gildum eins og sést á mynd 1.11 til hægri.

Viðskiptakjör eru sambandið milli útflutningsverðs og innflutningsverðs. Ef útflutningsverð hagkerfisins hækkar umfram innflutningsverð eykst kaupmáttur útflutnings og viðskiptakjör batna. Viðskiptakjör bötnuðu í fyrra um 3,7%, sem er mesti bati viðskiptakjara í um 10 ár. Þróunin var enn hagstæðari á fyrri helmingi ársins 2026, en þá bötnuðu þau um 5% miðað við sama tíma á síðasta ári. Mikill bati í viðskiptakjörum hefur vegið á móti versnandi raungengi í mikilvægum útflutningsgreinum á borð við sjávarútveg og áliðnað, en verð á alþjóðamörkuðum hækkaði umtalsvert í báðum greinum. Það sama á ekki við í þjónustugreinum á borð við ferðaþjónustu, en ef skoðuð eru viðskiptakjör þjónustuviðskipta þá bötnuðu þau um 2,2% á síðasta ári og um 0,8% á fyrri helmingi ársins 2026.

9 Að nota samræmda vísitölu neysluverðs innanlands hefur þann kost að mæling verðbólgu hér og við evrusvæðið, sem hefur mesta vigt meðal viðskiptalanda, er framkvæmt með samræmdri aðferð. Helsti munurinn á samræmdri vísitölu neysluverðs og vísitölu neysluverðs er að eigið húsnæði er ekki innifalið í samræmdu vísitölunni.

Mynd 1.12. ***Meðalárslaun á mann í dollurum að jafnvirði og á föstu verðlagi 1995–2025 (vinstri). Meðalárslaun á mann í dollurum að jafnvirði 2025 (hægri).***



Skýringar: Um er að ræða tímaröð OECD fyrir „Average annual wage per employee in full-time equivalent (FTE) units“. Útreikningarnir byggja á launum samkvæmt þjóðhagsreikningum (e. wages and salaries) sem eru staðvirt með verðvísitölu einkaneyslu og fært í Bandaríkjadollar miðað við kaupmáttarjafnvægi (e. purchasing power parity). OECD metur fjölda fullvinnandi (e. full time equivalent employment) á ársgrundvelli með því að umreikna hlutastörf í heilsársstörf. Sjá nánar um aðferðafræðina í lýsigögnum á vef OECD: https://www.oecd.org/en/publications/oecd-glossary-of-statistical-terms_9789264055087-en.htm
Heimild: ***OECD.***


Mynd 1.12 til vinstri sýnir útreikninga Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á þróun meðalárslauna á mann á föstu verðlagi að jafnvirði (e. purchasing power parity) í dollurum á tímabilinu 1995–2025. Útreikningarnir byggja á launum samkvæmt þjóðhagsreikningum og deilir í með fjölda fullvinnandi (reiknuð stærð). Laun samkvæmt þjóðhagsreikningum eru ólík hefðbundnum skilgreiningum launarannsókna, því þau innihalda öll skattskyld hlunnindi (þ.m.t. hagnað frá kaupréttarsamningum), orlof og veikindalaun. Með jafnvirðisútreikningi leitast OECD við að eyða út áhrifum mismunandi verðlags- og gengissveiflna milli landa, og stilla upp samanburði á kaupmætti árslauna.

Árslaunin eru síðan reiknuð niður á mat OECD á fjölda fullvinnandi í hagkerfinu, og eru ekki leiðrétt fyrir mismunandi vinnutíma milli landa. Á myndinni sést hve sveiflukenndur kaupmáttur launa á Íslandi hefur verið í alþjóðlegum samanburði. Fyrstu árin eftir fjármálahrun mældist kaupmáttur til dæmis undir meðaltali OECD, en mælist nú meðal þess hæsta. Á þennan mælikvarða eru árslaun á Íslandi á mann árið 2025 á svipuðu róli og í Danmörku, en lægri en í Sviss og í Bandaríkjunum eins og sést á mynd 1.12 til hægri. Ástæða er til að benda á að í september 2026 leiðrétti OECD tímaröðina fyrir meðalárslaun á mann, þ.e. allt aftur til ársins 2000. Áður en leiðréttingin átti sér stað var OECD að nota tímaröð þjóðhagsreikninga um launakostnað (e. compensation), þ.e. laun og tengdar greiðslur atvinnurekenda, svo sem á tryggingagjaldi og mótframlagi í lífeyrissjóði. Launakostnaður á Íslandi var síðan borin saman við laun/tekjur (e. wages and salaries) í öðrum löndum. Við leiðréttinguna lækkaði launaliður útreikninganna um 17–20% á tímabilinu.

1.7. Fjárhagsstaða heimila

Þrátt fyrir talsverða verðbólgu jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann síðustu þrjú ár. Hann jókst um 0,5% árið 2025, en frá 2019 hefur hann aukist að meðaltali um tæplega 2,1% á ári. Á fyrsta ársfjórðungi er áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hafi aukist um 0,9% og um 0,8% á öðrum ársfjórðungi. Skuldastaða heimila batnaði almennt síðustu ár eins og sést á mynd 1.13. Skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum minnkuðu úr tæplega 169% árið 2020 í tæplega 140% árið 2025. Á eignahliðinni jukust innlán heimila að raunvirði síðustu ár, en árið 2024 jukust þau um tæplega 10,8% að raunvirði og um 5,4% að raunvirði árið 2025. Hlutur innlána heimila af vergri landsframleiðslu var 31,5% og hefur ekki verið hærri síðan árið 2010 .


Mynd 1.13. ***Breyting milli ára á kaupmætti launa á starfandi og kaupmætti ráðstöfunartekna á mann, 2019–2025 (til vinstri) og skuldir heimila sem % af eignum og ráðstöfunartekjum, 2019–2025 (til hægri).***



Skýringar: Ráðstöfunartekjur á mann og laun á hvern starfandi byggja á tekjuskiptingaruppgjöri þjóðhagsreikninga. Leiðrétt er fyrir verðlagi með vísitölu neysluverðs.
Heimildir: ***Hagstofa Íslands.***

Vextir á íbúðalánum hafa hækkað meðfram hækkun stýrivaxta. Breytilegir óverðtryggðir vextir voru lægstir árið 2021, en eru nú um 10,1% hjá bönkum eins og sést á mynd 1.14. Verðtryggðir vextir eru hærri en þeir hafa verið um nokkurt skeið og voru um 4,6% hjá bönkum. Vaxtagjöld heimila jukust í fyrra og voru tæplega 6,2% af ráðstöfunartekjum samanborið við 4,3% árið 2021, þegar hlutfallið var lægst.

Mynd 1.14. ***Verðtryggðir og óverðtryggðir vextir íbúðalána, janúar 2019 til september 2026.***



Skýringar: Meðalvextir stóru viðskiptabankanna og meðaltal lífeyrissjóða.
Heimildir: ***Seðlabankinn.***

2. Vinnumarkaður


2.1. Samantekt

Dregið hefur úr spennu á íslenskum vinnumarkaði undanfarin misseri og atvinnuleysi aukist. Hægt hefur á fjölgun starfandi, lausum störfum hefur fækkað og hlutfall lausra starfa á móti atvinnulausum er það lægsta síðan 2020. Atvinnuleysi hefur aukist meðal ungs fólks og er mun meira meðal fólks með erlent ríkisfang en íslenskt. Aukningin hefur einkum verið í atvinnugreinum þar sem hlutfall innflytjenda meðal starfandi er hátt.

2.2. Þróun vinnumarkaðar

Í alþjóðlegum samanburði hefur atvinnuleysi á Íslandi almennt verið tiltölulega lágt. Það hefur hins vegar aukist undanfarið. Mynd 2.1 sýnir alþjóðlegan samanburð OECD á atvinnuleysi, samkvæmt vinnumarkaðsrannsóknum landa („mælt atvinnuleysi“). Ísland var með minnsta atvinnuleysi Norðurlanda 2016–2019, eða 3,1–4,1% (minnst 3,1% árið 2018). Auk þess mældist það á sama tímabili vel undir atvinnuleysi í OECD-ríkjum (5,3–6,5%) og langt undir Evrópusambandinu. Þegar kórónaveirufaraldurinn skall á fór atvinnuleysi upp í 6,7% á Íslandi, sem var hlutfallslega meiri hækkun en í Noregi og Danmörku, en batinn var hraður og atvinnuleysi komið aftur í 3,5% vorið 2023, á pari við Noreg. Hins vegar hefur verið viðsnúningur frá 2024. Ísland fór úr 4,0% atvinnuleysi á öðrum ársfjórðungi 2025 (2025Á2) í 5,7% á sama tíma árið 2026 (2026Á2). Þetta er mesta hækkunin á Norðurlöndum milli ára, eða hækkun um 1,7 prósentustig. Atvinnuleysi á Íslandi var meira á öðrum ársfjórðungi 2026 en að meðaltali innan OECD (5,0%) og er það í fyrsta sinn síðan 2010, þegar atvinnuleysi mældist mest í kringum 8,8% á Íslandi samanborið við 8,4% að meðaltali í OECD-ríkjum.


Mynd 2.1 ***Atvinnuleysi á Norðurlöndum, í Evrópusambandinu og OECD-ríkjunum, 2016Á2–2026Á2.***



Skýringar: Tölurnar sýna fjölda atvinnulausra sem hlutfall af vinnuafli. Um er að ræða ársfjórðungsleg meðaltöl mánaðarlegra talna, árstíðarleiðrétt og leiðrétt fyrir almanaksáhrifum. Þetta eru samræmdar tölur OECD sem byggja á vinnumarkaðsrannsóknum og eru samanburðarhæfar milli landa; þær eru því ekki þær sömu og skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun.
Heimild: ***OECD, Infra-annual labour statistics (DSD_LFS@DF_IALFS_INDIC).***

Verulega hefur hægt á fjölgun starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Hefur starfandi fólki í raun farið fækkandi síðan í janúar 2026 (nú 1,7% færri) samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, á meðan staðgreiðslugögn sýna nær enga breytingu (0,2% aukning), sjá mynd 2.2 til vinstri. Þegar þróunin er greind eftir bakgrunni sést að dregið hefur verulega úr fjölgun starfandi innflytjenda samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn. Fjölgunin náði hámarki milli ára í rúmum 20% árið 2022 en er nú fáein prósent, á meðan fjöldi starfandi með íslenskan bakgrunn hefur haldist frekar stöðugur, sjá mynd 2.2 til hægri.[1]

Mynd 2.2. ***Breytingar í fjölda starfandi frá janúar 2016 til júní 2026. Breyting í heildarfjölda samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar og staðgreiðsluskrá (til vinstri) og breyting eftir bakgrunni (til hægri). Athugið að skalar mynda eru ólíkir.***




Skýringar: Myndirnar sýna 12 mánaða breytingar í 12 mánaða meðaltölum, sem þýðir að tölur fyrir desember sýna breytingar milli almanaksára. Staðgreiðsluskrá og vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands mæla þátttöku á vinnumarkaði með ólíkum hætti. Staðgreiðsluskrá byggir á gögnum frá launagreiðendum og nær til einstaklinga sem fá greidd laun og eru skráðir í staðgreiðslu. Hún mælir því fyrst og fremst launaða atvinnu og fjölda starfa samkvæmt launagreiðslum. Vinnumarkaðsrannsóknin er hins vegar úrtaksrannsókn sem fylgir alþjóðlegum skilgreiningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og flokkar einstaklinga sem starfandi, atvinnulausa eða utan vinnumarkaðar út frá stöðu þeirra á tiltekinni viðmiðunarviku.
Heimild: ***Hagstofa Íslands***

Hlutfall lausra starfa á móti fjölda atvinnulausra er góður mælikvarði á spennu á vinnumarkaði og endurspeglar sambandið milli spurnar fyrirtækja eftir vinnuafli og framboðs vinnuafls. Þegar hlutfallið er hátt eiga fyrirtæki erfiðara með að manna störf og þurfa í auknum mæli að keppa um starfsfólk, til dæmis með hærri launum og betri kjörum. Þegar hlutfallið er lágt eru margir atvinnulausir um hvert starf sem dregur úr þrýstingi á launahækkanir og bendir til minni spennu á vinnumarkaði. Á öðrum ársfjórðungi 2026 var þetta hlutfall um 0,23, sem þýðir að fyrir hverja hundrað atvinnulausa voru 23 laus störf. Hlutfallið er það lægsta síðan 2020 (sjá mynd 2.3) en það var 0,64 á sama tíma í fyrra. Í könnun Hagstofunnar voru 3.540 laus störf á öðrum ársfjórðungi, sem eru 1.870 færri störf en á sama fjórðungi ári áður. Þetta bendir til þess að spenna á vinnumarkaði sé takmörkuð.

1 Þátttaka innflytjenda er minni í vinnumarkaðsrannsókn en annarra, þó hún hafi aukist undafnarið. Munur á tölum staðgreiðsluskrár og vinnumarkaðrannsóknar gæti skrýst af því.

Mynd 2.3. ***Laus störf og hlutfall lausra starfa á móti atvinnuleysi frá fyrsta ársfjórðungi 2019 til annars ársfjórðungs 2026.***




Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Skráð atvinnuleysi, hlutfall fólks á atvinnuleysisbótum af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði, hefur aukist á milli ára (sjá mynd 2.4). Í september 2026 var skráð atvinnuleysi 4,0% af vinnuafli, samanborið við um 3,5% ári fyrr og hefur því aukist um 0,5 prósentustig. Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands mælir meira atvinnuleysi, eða um 5,1% í september 2026 samanborið við 3,2% á sama tíma ári fyrr.[2]

2 Vinnumarkaðsrannsóknin er spurningakönnun þar sem atvinnulausir og atvinnulitlir þátttakendur eru spurðir hvort þeir geti hafið störf eða aukið starfshlufall sitt innan tveggja vikna. Fleiri þættir greina mælt atvinnuleysi frá srkáðu atvinnuleysi, svo sem aldursmörk („skráð“ nær til 18-70 ára en „mælt“ til 16-74 ára) og meðhöndlun nýliða á vinnumarkaði, þar á meðal ungs fólks em hefur ekki áunnið sér bótarétt. Sá hópur telst með í mældu atvinnuleysi en kemur ekki fram í skráðu atvinnuleysi.


Mynd 2.4. ***Mælt og skráð atvinnuleysi (vinstri) og 12 mánaða meðaltal atvinnuþátttöku (hægri), frá janúar 2016 til september 2026.***



Skýringar: Mælt atvinnuleysi (Hagstofa) byggir á stöðu fólks óháð skráningu hjá Vinnumálastofnun en skráð atvinnuleysi (Vinnumálastofnun) mælir hlutfall fólks á atvinnuleysisbótum. Athugið að y-ás á myndinni til hægri byrjar ekki á 0.
Heimildir: ***Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.***

Atvinnuleysi hjá fólki á aldrinum 16–24 ára hefur hækkað talsvert undanfarna mánuði. Munur milli karla og kvenna er lítill eins og staðan er í dag, en merkjanlegur munur var á árunum 2023–2024.

Mynd 2.5. ***12 mánaða meðaltal á mældu atvinnuleysi skv. vinnumarkaðsrannsókn í prósentum (%) eftir aldri og kyni frá janúar 2016 til september 2026.***




Skýringar: Mælt atvinnuleysi í vinnumarkaðsrannsókn (Hagstofa) byggir á stöðu fólks á aldrinum 16–74 ára óháð skráningu.
Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 2.6 sýnir tölur Vinnumálastofnunar um þróun skráðs atvinnuleysis eftir ríkisfangi síðastliðinn áratug og mynd 2.7 sýnir hlutfallslega skiptingu eftir lengd á skrá og ríkisfangi.[3] Í september 2026 var skráð atvinnuleysi alls 4,0%, þar af eru 2,2 prósentustig fólk sem hefur verið á skrá í 0–6 mánuði, 1,0 prósentustig í 6–12 mánuði og 0,8 lengur en 12 mánuði.[4] Atvinnuleysi meðal fólks með erlent ríkisfang var 7,8% en meðal fólks með íslenskt ríkisfang 2,6% (sjá mynd 2.6). Aukning atvinnuleysis er sérstaklega í þeim atvinnugreinum þar sem hlutfall erlends launafólks er hæst (myndir 2.9 og 2.10).

Frá september 2025 til september 2026 jókst skráð atvinnuleysi um 0,5 prósentustig, og skýrist stærstur hluti hækkunarinnar af fjölgun í hópi þeirra sem höfðu verið á skrá skemur en hálft ár. Hlutfall langtímaatvinnulausra (lengur en 12 mánuðir á skrá) af heildarfjölda á skrá er 19,8% og er heldur lægra meðal fólks með íslenskt ríkisfang, um 18,5%, á meðan það er 20,9% meðal fólks með erlent ríkisfang í september 2026 (sjá mynd 2.7).

Mynd 2.6. ***Skráð atvinnuleysi alls og skipting þess milli fólks með íslenskt og erlent ríkisfang, ágúst 2016–september 2026.***




Skýringar: Skráð atvinnuleysi (Vinnumálastofnun) mælir hlutfall atvinnulausra á skrá, þ.e. fólks á atvinnuleysisbótum, af vinnuafli. Myndin sýnir skiptingu skráðs atvinnuleysis alls ***eftir ríkisfangi, þ.e. framlag vinnuafls með íslenskt ríkisfang og vinnuafls með erlent ríkisfang til heildaratvinnuleysis.***
Heimild: ***Vinnumálastofnun.***

3 Hagstofa Íslands skilgreinir innflytjanda sem einstakling sem er fæddur erlendis og á foreldra sem fædd eru erlendis. Skilgreiningin byggir því á fæðingarlandi og uppruna fjölskyldu, ekki á ríkisfangi, og nær til fólks sem hefur fengið íslenskan ríkisborgararétt. Vinnumálastofnun miðar hins vegar við ríkisfang og birtir tölur um erlenda ríkisborgara á atvinnuleysisskrá, það er þá sem eru skráðir í atvinnuleit og eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Hóparnir skarast en eru ekki þeir sömu.

4 Athugið að þegar fólk hefur fullnýtt bótarétt er það ekki lengur skráð atvinnulaust hjá Vinnumálastofnun, bótaréttur er fullnýttur eftir 30 mánuði (eftir 24 mánuði fyrir þá sem skráðir eru atvinnulausir eftir 1. júlí 2026)


Mynd 2.7. ***Lengd skráðs atvinnuleysis eftir ríkisfangi, ágúst 2016–september 2026.***



Skýringar: Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu atvinnulausra eftir lengd á skrá (0–6 mánuðir, 6–12 mánuðir og 12+ mánuðir), annars vegar meðal fólks með íslenskt ríkisfang (til vinstri) og hins vegar meðal fólks með erlent ríkisfang (til hægri). Vert er að nefna að þegar fólk hefur fullnýtt bótarétt er það ekki lengur skráð atvinnulaust, bótaréttur er fullnýttur eftir 30 mánuði (eftir 24 mánuði fyrir þá sem skráðir eru atvinnulausir eftir 1. júlí 2026).
Heimild: ***Vinnumálastofnun.***

Mynd 2.8 sýnir hvernig samsetning mælds atvinnuleysis eftir lengd hefur breyst frá öðrum ársfjórðungi 2016 til annars ársfjórðungs 2026 samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Heilt yfir hefur hlutfall þeirra sem hafa verið án vinnu í þrjá mánuði eða lengur aukist miðað við þá sem hafa verið atvinnulausir í styttri tíma. Á öðrum ársfjórðungi 2016 hafði um fimmtungur atvinnulausra verið án vinnu í 3–11 mánuði en á öðrum ársfjórðungi 2026 var hlutfallið um 44%. Þetta bendir til þess að atvinnuleysi sé að verða langvinnara. Tölur einstakra ársfjórðunga sveiflast þó töluvert, einkum í hópnum sem hefur verið án vinnu í ár eða lengur og því er rétt að horfa á þróunina yfir lengra tímabil.

Mynd 2.8. ***Mælt atvinnuleysi skv. vinnumarkaðsrannsókn eftir lengd frá öðrum ársfjórðungi 2016 til annars ársfjórðungs 2026.***




Skýringar: Mælt atvinnuleysi í vinnumarkaðsrannsókn (Hagstofa) byggir á stöðu fólks á aldrinum 16–74 ára óháð skráningu.
Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Til þess að varpa ljósi á hvar atvinnuleysið er að aukast sýnir mynd 2.9 hvernig hlutdeild atvinnugreina í skráðu atvinnuleysi hefur breyst, mælt í prósentustigum, bæði síðustu þrjú ár og síðustu 10 ár í samanburði við hlutdeild hverrar greinar í september 2026. Hlutdeild byggingastarfsemi og mannvirkjagerðar hefur aukist langmest, um 3,4 prósentustig á þremur árum og 7,0 á tíu árum. Hlutdeild ferðaþjónustu og tengdrar þjónustu (gisti- og veitingaþjónustu) hefur einnig aukist bæði til lengri og skemmri tíma litið. Á móti hefur hlutdeild verslunar og vöruflutninga í atvinnuleysi dregist mest saman til lengri tíma, um 6,1 prósentustig á tíu árum. Síðustu þrjú ár hefur hlutdeild opinberrar þjónustu, fræðslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu dregist saman ef miðað er við september 2026.

Rétt er að hafa í huga að mynd 2.9 sýnir breytingu á hlutdeild greina í heildaratvinnuleysi en ekki breytingu á atvinnuleysi innan hverrar greinar. Atvinnugrein getur aukið hlutdeild sína í atvinnuleysi þótt hlutfall atvinnulausra innan hennar breytist lítið, ef greinin stækkar og vegur þyngra á vinnumarkaði. Á sama hátt getur lítil hlutfallsleg breyting í fjölmennri grein því vegið jafn þungt eða þyngra í myndinni en mun stærri hlutfallsleg breyting í fámennari grein.


Mynd 2.9. *Breyting á hlutdeild atvinnugreina í atvinnuleysi.*



Skýringar: Myndin sýnir breytingu á hlutdeild atvinnugreina í atvinnuleysi, annars vegar á síðustu þremur árum og hins vegar á síðustu tíu árum. Breytingin er reiknuð sem munur á 12 mánaða meðaltali til september 2026 og samsvarandi 12 mánaða meðaltali þremur og tíu árum fyrr.
Heimild: ***Vinnumálastofnun.***

Mynd 2.10 sýnir annars vegar hlutfall innflytjenda af starfandi fólki eftir atvinnugreinum árið 2016, 2023 og 2026 og hins vegar stærð greinanna sem hlutdeild í heildarfjölda starfandi. Hlutfall innflytjenda er hæst í gistiþjónustu (um 75% árið 2026), veitingaþjónustu (51%), ýmissi ferðaþjónustu (41%) og byggingastarfsemi (36%). Þetta eru greinarnar þar sem hlutdeild í atvinnuleysi hefur aukist mest samkvæmt mynd 2.9. Hlutfallið er hins vegar lágt í opinberri þjónustu (14%), þar sem hlutdeild í atvinnuleysi (miðað við september 2026) hefur dregist saman. Atvinnuleysi hefur því að undanförnu einkum aukist í greinum þar sem hlutfall innflytjenda meðal starfandi er hátt. Samhliða hefur hlutfall innflytjenda í hópi atvinnulausra aukist, eins og mynd 2.6 sýnir.

Mynd 2.10. *Hlutfall innflytjenda og atvinnuleysi eftir atvinnugreinum.*



Skýringar: Súlurnar (vinstri ás) sýna hlutdeild innflytjenda í hverri atvinnugrein árin 2016, 2023 og 2026. Punktarnir (hægri ás) sýna stærð hverrar atvinnugreinar sömu ár. Tölur fyrir 2026 eru meðaltal janúar–ágúst. Mælt atvinnuleysi í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands byggir á stöðu fólks á aldrinum 16–74 ára óháð skráningu.
Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

3. Kjarasamningar

3.1. Samantekt

Fyrstu kjarasamningar núverandi kjarasamningalotu voru undirritaðir í mars 2024 og hafa langflestir aðilar vinnumarkaðarins lokið samningagerð. Í byrjun nóvember 2026 höfðu um 260 samningar verið gerðir af þeim aðilum sem eiga aðild að kjaratölfræðinefnd. Forsendur kjarasamninga um verðbólgu í ágúst 2026 stóðust ekki (verðbólga mældist 5,6% miðað við 4,7% viðmið), en í október 2026 náðist samkomulag SA við SGS, Eflingu og Samiðn um að samningar héldu gildi sínu en styttust um einn mánuð og við VR, LÍV, Rafiðnaðarsambandið, VM og Matvís um heimild til að stytta samningstímann um allt að tvo mánuði haustið 2027 ef verðbólguviðmið standast ekki.

3.2. Helstu kjarasamningar

Í byrjun júní 2026 höfðu Samtök atvinnulífsins gert 115 kjarasamninga í þessari samningalotu (þar af tóku 5 gildi án atkvæðagreiðslu), þar sem rúmlega 125.000 launamenn voru á kjörskrá. Ríkið hafði lokið 46 kjarasamningum fyrir ríflega 22.500 manns, samninganefnd sveitarfélaga 40 samningum fyrir um 15.600 manns og Reykjavíkurborg 18 samningum fyrir um 9.300 manns. Að auki gerðu ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg einn sameiginlegan kjarasamning við öll aðildarfélög KÍ, sem nær til um 11.100 manns. Samtals hafa þessir aðilar (Samtök atvinnulífsins, ríki, samninganefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg) því lokið við gerð 220 kjarasamninga, þar sem um 183.400 manns voru á kjörskrá. Í byrjun nóvember má áætla að um 26 kjarasamningum sé ólokið fyrir um 1% launafólks sem aðilar semja fyrir.
Frá mars 2024 hefur 106 kjaradeilum verið vísað til ríkissáttasemjara, en að baki hverju máli eru í mörgum tilvikum fleiri en eitt stéttarfélag í samfloti. Af þessum málum hefur 78 verið lokið með kjarasamningi, en 7 mál eru enn á borði ríkissáttasemjara.

3.3. Fjöldi samninga og fjöldi á kjörskrá

Tafla 3.1 sýnir áætlaðan fjölda samþykktra kjarasamninga[1] eftir mörkuðum og heildarsamtökum og tafla 3.2 sýnir fjölda á kjörskrá þegar kosið var. Meðal helstu stéttarfélaga sem standa utan heildarsamtaka eru Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands. Þessir hópar flokkast undir hópinn „aðrir“ í töflum 3.1 og 3.2.

Við talningu á fjölda kjarasamninga miðar KTN við fjölda atkvæðagreiðslna sem fram fara um samninga. Þegar félög hafa samflot í samningum og atkvæðagreiðslu, líkt og t.a.m. 17 SGS félög gerðu í samningum við SA og öll félög KÍ í samningum við ríki og sveitarfélög í þessari lotu, telst það vera einn kjarasamningur, þar sem öll félög innan samflotsins eru bundin af niðurstöðu úr sameiginlegri atkvæðagreiðslu.

1 Hér er talað um samþykkta kjarasamninga þegar átt er við kjarasamninga sem ekki eru felldir í atkvæðagreiðslu. Í 5. grein laga um stéttarfélög og vinnudeilur stendur: „Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meirihluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.”

Þegar lagt er mat á þann fjölda launamanna sem samningarnir ná til er miðað við fjölda á kjörskrá þegar kosið er um samninginn. Algengt er að félög hafi samflot í samningaviðræðum og kjarasamningsgerð, en greiði atkvæði hvert í sínu lagi um samninginn og teljast það þá jafn margir samningar og atkvæðagreiðslurnar eru.

Hafa þarf í huga þegar skýrslur KTN eru skoðaðar aftur í tímann, að samflot í viðræðum og atkvæðagreiðslum félaga er breytilegt milli samningalota. Einnig er vert að benda á að kjarasamningar geta öðlast gildi án atkvæðagreiðslu, en slíkir samningar eru ekki taldir með í töflum 3.1 og 3.2.[2] Þetta á líka við um kjarasamninga sem fara í gerðardóma. Kjaratölfræðinefnd hefur upplýsingar um 12 slíka samninga.

Tafla 3.1. ***Áætlaður fjöldi kjarasamninga sem samþykktir voru í atkvæðagreiðslu eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í samningalotunni (2024–2028).***

	ASÍ	**BHM**	**BSRB**	**KÍ**	**Aðrir**
Samtök atvinnulífsins	70	7	15	1	22
Ríki	4	23	13	1	6
Sveitarfélög	9	10	17		4
Reykjavíkurborg	3	9	2		4
Aðrir aðilar	18	15	8	6	
Samtals	104	64	55	8	36

Tafla 3.2. ***Fjöldi á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um samþykkta kjarasamninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í samningalotunni (2024–2028).***

	ASÍ	**BHM**	**BSRB**	**KÍ**	**Aðrir**
Samtök atvinnulífsins	108.500	100	1.600	400	12.200
Ríki	1.800	7.800	8.600	11.100	4.300
Sveitarfélög	5.500	2.500	7.300		200
Reykjavíkurborg	2.400	1.000	5.700		200
Aðrir aðilar	5.500	700	1.700	400	
Samtals	123.700	12.100	24.900	11.900	16.900

2 Við yfirferð og talningu frá síðustu skýrslufundust villur í flokkun nokkurra samninga við „aðra aðila“ sem hafa verið leiðréttar miðað við síðustu skýrslu; við það fjölgar samningum BHM um einn og BSRB um þrjá og fjöldi á kjörskrá BHM hækkar um 400.

3.4. Forsenduákvæði og viðbrögð við forsendubresti

Í aðalkjarasamningum SA og aðildarfélaga ASÍ, sem giltu allir upphaflega frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028 og voru nefndir Stöðugleika- og velferðarsamningurinn, er forsenduákvæði um verðlagsþróun. Forsendan átti að standast ef tólf mánaða verðbólga í ágúst 2026 mældist ekki yfir 4,7%, hún teldist þó einnig hafa staðist ef verðbólga frá mars til ágúst 2026 væri 4,4% eða lægri miðað við árshraða. Á meðal verkefna launa- og forsendunefndar var að leggja formlegt mat á forsendur kjarasamningsins og eftir atvikum semja um viðbrögð við forsendubresti sem treystu forsendur samningsins og stuðluðu að því að hann héldi gildi sínu. Launa- og forsendunefnd skyldi við ákvörðun sína um viðbragð við frávikum frá samningsmarkmiðum horfa til þróunar hagvísa á samningstímabilinu. Viðbragðið átti að hafa jákvæð áhrif á framvindu þeirra markmiða sem samningsaðilar settu sér um minni verðbólgu, verðbólguvæntingar, lækkun stýrivaxta, bættan hag launafólks og bætta samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Nefndin skyldi horfa heildstætt á stöðu efnahagsmála. Næðist ekki samkomulag um viðbrögð veitti ákvæðið gagnkvæman rétt til að segja samningunum upp. Ákvæði sem vísa í þetta er víða að finna í öðrum kjarasamningum sem gerðir voru í kjölfarið.

Verðbólga hjaðnaði frá gildistöku samninganna 2024 og vel fram á árið 2025. Verðbólga jókst á ný á árinu 2026, ekki síst vegna áhrifa stríðsins við Persaflóa, og hækkuðu stýrivextir Seðlabankans á ný. Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,2% milli júlí og ágúst 2026 og mældist verðbólga síðustu tólf mánuði 5,6%, sem var 0,9 prósentustigum yfir viðmiði kjarasamninga. Verðbólga á tímabilinu frá mars til ágúst var um 6% á ársgrundvelli og því einnig yfir 4,4% mörkunum. Forsendan stóðst því ekki og fór því af stað það ferli sem lýst er hér að framan. Sá aðili sem vildi ekki að samningarnir héldu gildi sínu þurfti að tilkynna það fyrir kl. 16:00 þann 8. október og hefðu samningarnir fallið úr gildi 31. október 2026 ef ekki hefði náðst samkomulag um viðbrögð við forsendubrestinum.

Að kvöldi 6. október 2026 undirrituðu Starfsgreinasambandið, Efling stéttarfélag og Samiðn – landssamband iðnfélaga samkomulag við SA um að samningarnir héldu gildi sínu en styttust um einn mánuð. Í samkomulaginu kemur meðal annars fram að aðilar telji mikilvægasta verkefnið að vinna gegn verðbólgu og verðbólguvæntingum. Markmið aðila sé að lækkun verðbólgu og vaxta á árinu 2027 muni auðvelda gerð nýrra kjarasamninga sem styrkja muni stöðugleika og bæta lífskjör. Allir viðsemjendur á vinnumarkaði, á almennum og opinberum markaði, þurfi að vinna að þessum meginmarkmiðum við gerð kjarasamninga. Í samkomulaginu kemur einnig fram að frá og með nóvember 2026 verði haldnir mánaðarlegir fundir formanna og framkvæmdastjóra aðila til að rýna í verðbólguþróunina.

Í kjölfarið náðist samkomulag SA við VR, LÍV, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM og Matvís. Markmið aðila er að standa við kjarasamningana og stuðla að lækkun verðbólgu á árinu 2027, svo lækkun verðbólgu og vaxta það ár auðveldi gerð nýrra kjarasamninga. Samkomulagið heimilar að stytta samningstímann um allt að tvo mánuði haustið 2027 ef tólf mánaða verðbólga í október 2027 mælist yfir 4,3% eða verðbólga yfir 3,8% á ársgrundvelli frá apríl til október 2027. Aðilar munu þegar verðbólgumæling í október 2027 liggur fyrir m.a. skoða hvort innflutt verðbólga sé meginástæða þess að forsendur standist ekki og séu aðilar sammála um að svo sé komi ekki til uppsagnar eða kjarasamningar styttir um minna en tvo mánuði.

Ef ekki næst samkomulag falli samningar úr gildi 30. nóvember 2027. Aðilar skuldbindi sig jafnframt til að eiga reglubundna fundi um undirbúning næstu kjaraviðræðna og umhverfi kjarasamninga og efnahagsmála með það fyrir augum að stuðla að bættum samskiptum á vinnumarkaði.

Þann 8. október 2026 undirrituðu ríkisstjórnin, ASÍ, SA og Samband íslenskra sveitarfélaga sameiginlega yfirlýsingu um að aðilarnir muni leggjast saman á árarnar út gildistíma Stöðugleikasamningsins til þess að ná niður verðbólgu og skapa aðstæður fyrir lækkun vaxta. Samkvæmt henni hækka krónutölugjöld ríkisins og gjaldskrár ríkisstofnana sem hafa bein áhrif á vísitölu neysluverðs ekki um meira en 2,5% á árinu 2027 (kílómetragjald undanskilið), og ríkisfyrirtæki, sveitarfélög og aðildarfyrirtæki SA eru hvött til sama aðhalds. Aðilar ætla jafnframt að draga úr vægi sjálfvirkra verðbreytinga og ráðast í heildarsöfnun launaupplýsinga frá launagreiðendum.

Ríkisstjórnin kynnti auk þess þrettán aðgerðir sem hún hyggst grípa til. Hún beinir jafnframt þeim tilmælum til ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja að hækka laun ekki umfram kjarasamninga og hvetur sveitarfélög og fyrirtæki á almennum markaði til hins sama. Hún hyggst leggja fram frumvörp á haustþingi 2026 um stofnframlög til almennra íbúða, leigusamninga og barnabætur og á vorþingi 2027 um húsaleigutryggingar, févíti vegna vangreiddra lágmarkskjara og að lágmarkskjör falli ekki niður vegna tómlætis. Þá verður þróun húsnæðisstuðningskerfa fyrir eigendur húsnæðis greind, unnið að frumvarpi um keðjuábyrgð í stærri framkvæmdum og útfærslu örorkubótasjóðs vinnumarkaðarins og mótuð viðbragðsáætlun gegn vaxandi atvinnuleysi fyrir lok árs 2026. Ráðist verður í sérstakt átak í einföldun regluverks til að létta byrðar í atvinnurekstri og draga úr kostnaðarþrýstingi. Frumvarp um endurskoðun á lögum um Ábyrgðarsjóð launa verður unnið í samstafi við aðila vinnumarkaðsins. Mælist ársverðbólga yfir 3,8% í lok október 2027 verða greiddar einskiptisvaxtabætur til skuldsettra heimila í upphafi árs 2028: 1,3 milljarðar króna (yfir 3,8%), 2 milljarðar (yfir 4,0%) eða 3 milljarðar (yfir 5%).

4. Laun og launaþróun

4.1. Samantekt

Frá því í febrúar 2024 til september 2026 hefur launavísitalan hækkað um 19,1%. Á tímabilinu komu til framkvæmda þrjár kjarasamningsbundnar hækkanir á bæði almennum og opinberum vinnumarkaði, auk kauptaxtaauka hjá taxtahópum á almennum markaði, launatöfluauka hjá hluta starfsfólks ríkisins og sérstakra hækkana hjá Kennarasambandi Íslands vegna virðismats. Sundurliðun KTN á launaþróun eftir mörkuðum, sem nær til júní 2026, sýnir að grunntímakaup hækkaði um 18,4% á almennum vinnumarkaði, 19,6% hjá ríkinu, 18,8% hjá Reykjavíkurborg og 20,1% hjá öðrum sveitarfélögum frá febrúar 2024. Á sama tíma hækkaði verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs um 12,2% og kaupmáttur grunntímakaups jókst því um 5,8% á vinnumarkaðinum öllum.

Regluleg laun fullvinnandi voru að meðaltali 935 þúsund krónur og miðgildi þeirra 843 þúsund krónur. Dreifing launa er mest á almennum markaði. Launabreytingar frá febrúar 2024 eru greindar eftir launastigi. Þær sýna að prósentuhækkun var almennt mest hjá þeim sem höfðu lægst tímakaup á almennum markaði, en hjá ríki og sveitarfélögum er myndin ólíkari milli hópa og mótast meðal annars af sérstökum hækkunum KÍ.
Í kaflanum er jafnframt fyrsta greining KTN á launaskriði, sem unnin var að beiðni stýrihóps sem tók til starfa fyrr á þessu ári sem hluti af þríhliða samtali stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Launaskrið er skilgreint sem launabreyting umfram samningsbundnar hækkanir og er metið með því að bera vísitölu grunntímakaups saman við kostnaðarmat kjarasamninga núverandi lotu. Launabreytingar umfram kostnaðarmat eru sýndar eftir mörkuðum og heildarsamtökum og er frummat birt sem skiptist í þrjá hluta: innbyggðar hækkanir, auka og aðrar metnar breytingar, og launaskrið og óvissu.

4.2. Launaþróun


Launaumfjöllun í skýrslum KTN byggir á launagögnum frá Hagstofu Íslands, sem safnar mánaðarlegum upplýsingum um launagreiðslur frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum þar sem starfa tíu eða fleiri.[1] Fyrir meginþorra launafólks á almennum vinnumarkaði tóku nýir kjarasamningar, sem undirritaðir voru í mars, gildi í febrúar 2024 með gildistíma til janúarloka 2028. Fyrstu kjarasamningar á opinberum markaði voru gerðir í júní og júlí 2024, en þeir gilda frá apríl 2024 í fjögur ár. Samningar KÍ við ríki og sveitarfélög voru ekki undirritaðir fyrr en í febrúar 2025 en gilda frá apríl 2024 fyrir framhaldsskólakennara og frá júní 2024 fyrir leik-, grunn- og tónlistarskólakennara.[2]

1 Nánari skýringar á gögnum og launahugtökum eru að finna í viðaukum I og II.

2 Upphafshækkanir kjarasamninga mælast ekki í launarannsókn Hagstofunnar fyrr en þær hafa komið til framkvæmda.

Á tímabilinu frá febrúar 2024 til september 2026 hefur launavísitalan samtals hækkað um 19,1%, sjá mynd 4.1. Þrjár kjarasamningsbundnar hækkanir hafa tekið gildi á öllum mörkuðum. Á almennum markaði var sú fyrsta við undirritun samninga og næstu tvær í janúar 2025 og 2026. Á opinberum markaði voru kjarasamningsbundnar hækkanir við undirritun samninga 2024, og í kjölfarið í apríl 2025 og 2026. Ein kjarasamningsbundin hækkun er eftir samkvæmt núverandi samningum, í janúar 2027 á almennum markaði og apríl á opinberum. Auk þessara hækkana var sérstakur kauptaxtaauki í apríl 2025 (0,58%) og apríl 2026 (0,06%) á almennum markaði og launatöfluauki í september 2025 fyrir BHM (1,24%) og BSRB (0,75%) hjá ríkinu. Samningar KÍ við ríki og sveitarfélög voru undirritaðir í febrúar 2025, en þeir gilda frá apríl 2024 hjá ríki og júní 2024 hjá sveitarfélögum. Við undirritun samninganna var einnig samþykkt sérstök innágreiðsla á grundvelli samkomulags um virðismatsvegferð KÍ (3,5% hjá framhaldsskólakennurum og 8% hjá leik-, grunn- og tónlistarkennurum). Auk þess hækkuðu laun framhaldsskólakennara um 2% í ágúst 2025 samhliða breytingum á skipulagi vinnutíma í kjarasamningi.[3]

Mynd 4.1. ***Launavísitala frá febrúar 2024 til september 2026 ásamt launavísitölu á almennum og opinberum markaði til júní 2026 (vísitala í febrúar 2024 = 100).***



Heimild: ***Hagstofa Íslands.***


KTN greinir launaþróun fyrir almennan vinnumarkað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög út frá launagögnum Hagstofu Íslands. Nýjustu upplýsingar í þessu niðurbroti ná til júní 2026, en á tímabilinu febrúar 2024 til júní 2026 hækkaði launavísitalan um 18,4%. Miðað er við febrúar 2024 þar sem það er síðasti mánuðurinn áður en fyrstu samningar núverandi lotu tóku gildi. Umfjöllun KTN snýr aðallega að hópum sem eiga aðild að heildarsamtökum launafólks (þ.e. ASÍ, BHM, BSRB og KÍ), en á meðal hópa sem eiga ekki aðild að heildarsamtökum eru félagar í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélagi Íslands, Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja og Verkfræðingafélagi Íslands. Í umfjöllun hér eru þessir hópar með í greiningu á launaþróun eftir mörkuðum en eru almennt ekki greindir sem sérstakur hópur þegar fjallað er um hópa innan markaða.

3 Sjá umfjöllun í undirkafla 3.4.3 í vorskýrslu KTN 2026 um kjarasamningsbundnar launahækkanir.

Gengið var frá fyrstu kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í mars 2024 og þá hækkaði grunntímakaup um 3,3% (sjá mynd 4.2). Áhrifin héldu áfram að koma fram næstu mánuði og kjarasamningsbundnar hækkanir voru einnig í janúar 2025 og 2026, þegar vísitala grunntímakaups á almennum markaði hækkaði um 3,5% í bæði skiptin.

Á opinberum markaði voru fyrstu samningar undirritaðir í júní og júlí 2024. Milli maí og júlí hækkaði vísitala grunntímakaups um 1,9% hjá ríkinu og 1,8% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, en hjá Reykjavíkurborg um 2,7% í júlí. Önnur hækkun samninga var í apríl 2025, þegar grunntímakaup hækkaði frá febrúar til apríl um 5,3% hjá ríkinu, 6,6% hjá Reykjavíkurborg og 7,4% hjá öðrum sveitarfélögum. Sú þriðja kom til framkvæmda í apríl 2026 og þá hækkaði grunntímakaup frá febrúar til apríl um 3,7% hjá ríkinu, 4,0% hjá Reykjavíkurborg og 3,9% hjá öðrum sveitarfélögum.

Mynd 4.2. ***Vísitala grunntímakaups (vinstri) og reglulegs tímakaups (hægri) frá febrúar 2024 til júní 2026 (vísitala í febrúar 2024 = 100).***




Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Á mynd 4.3 má sjá mældar uppsafnaðar launahækkanir eftir mörkuðum á tímabilinu frá febrúar 2024 til júní 2026, þegar þrjár kjarasamningsbundnar launahækkanir voru komnar fram þvert á vinnumarkaðinn. Hækkun grunntímakaups á almennum vinnumarkaði mældist 18,4% á tímabilinu, lægri en á opinberum markaði. Hækkun grunntímakaups var mest hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur eða 20,1%. Hún var 19,6% hjá ríkinu og 18,8% hjá Reykjavíkurborg.

Á heildina litið hækkaði reglulegt tímakaup[4] um 18,6%. Hækkun reglulegs tímakaups á almennum markaði var lægri en hækkun grunntímakaups, en meiri hjá ríki og Reykjavíkurborg. Hækkun grunntímakaups og reglulegs tímakaups var sú sama hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur.

Mynd 4.3. ***Breyting á launavísitölu grunntímakaups og vísitölu reglulegs tímakaups frá febrúar 2024 til júní 2026.***




Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

4 Sjá viðauka II um skilgreiningar á helstu launa- og tekjuhugtökum.

Mynd 4.4 sýnir uppsafnaðar breytingar grunntímakaups og reglulegs tímakaups frá febrúar 2024 til júní 2026 eftir mörkuðum og heildarsamtökum. Á tímabilinu komu þrjár kjarasamningsbundnar hækkanir til framkvæmda hjá öllum hópum: sú síðasta í janúar 2026 á almennum markaði og í apríl 2026 á opinberum markaði. Til viðbótar hækkuðu laun á almennum markaði vegna kauptaxtaauka (0,58% í apríl 2025 og 0,06% í apríl 2026) og laun félagsfólks BHM og BSRB hjá ríkinu vegna launatöfluauka (1,24% hjá BHM og 0,75% hjá BSRB). Laun félagsfólks KÍ hækkuðu einnig vegna innáborgunar á grundvelli samkomulags um virðismat (3,5% hjá ríki og 8,0% hjá sveitarfélögum) og samhliða breytingum á skipulagi vinnutíma KÍ hjá ríkinu kom til 2,0% hækkunar launa þess hóps.

Mynd 4.4. ***Breyting grunntímakaups og reglulegs tímakaups frá febrúar 2024 til júní 2026 eftir mörkuðum og heildarsamtökum.***




Skýringar: Myndin sýnir samanlagða breytingu frá febrúar 2024 til júní 2026, í heild og eftir heildarsamtökum á hverjum markaði. Verkafólk innan ASÍ er launafólk sem er innan Eflingar og SGS. Alls vísar til alls launafólks á tilteknum markaði, einnig þeirra sem ekki eru innan heildarsamtaka.
Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

4.3. Kaupmáttur launa

Það sem af er samningalotunni, frá febrúar 2024 til júní 2026, hækkaði grunntímakaup á vinnumarkaðinum öllum um 18,7% en á sama tíma hækkaði verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs um 12,2%. Kaupmáttur vísitölu grunntímakaups hefur því hækkað um 5,8%. Kaupmáttur grunntímakaups jókst mest hjá sveitarfélögunum utan Reykjavíkur en minnst á almennum markaði, eins og sést á mynd 4.5. Kaupmáttur reglulegs tímakaups jókst meira hjá ríki og sveitarfélögum en á almennum markaði.

Mynd 4.5. ***Breyting á kaupmætti grunntímakaups og reglulegs tímakaups frá febrúar 2024 til júní 2026.***




Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Hjá ríkinu er umtalsverður hluti starfsfólks í stéttarfélagi utan heildarsamtaka, vægi þeirra í vísitölu grunntímakaups er 28% og eru launabreytingar þeirra sýndar hér.

4.4. Vægi markaða og heildarsamtaka

Ólíkt vægi heildarsamtaka og markaða gerir það að verkum að hópar hafa mismikil áhrif á launaþróun og launastig vinnumarkaðarins í heild.[5] Vægi hópanna er sýnt á mynd 4.6. Félagsfólk aðildarfélaga ASÍ vegur alls um 45% í vísitölu grunntímakaups, BHM og BSRB 9% hvort um sig og KÍ 6%. Stéttarfélög utan heildarsamtaka (aðrir á myndinni) 25% og launafólk utan stéttarfélaga um 6%. Launafólk utan stéttarfélaga eru helst stjórnendur, sérfræðingar og þeir sem ekki gera kjarasamninga, s.s. kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og forstöðumenn stofnana.

Mynd 4.6. ***Vægi heildarsamtaka í vísitölu grunntímakaups eftir mörkuðum og heildarsamtökum 2026.***



Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

4.5. Launastig


Umfjöllun KTN um launastig byggir á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Fjallað er um grunnlaun, regluleg laun og regluleg heildarlaun launafólks í fullu starfi og tekur umfjöllunin nú til launastigs í maí 2026. Í vorskýrslu KTN 2026 var fjallað um meðaltal alls ársins 2025, sem jafnar út árstíðasveiflur og óreglu í yfirvinnugreiðslum og launaaukum. Þar sem hér er horft til eins mánaðar geta slíkar sveiflur haft meiri áhrif og tölurnar eru því ekki sambærilegar við ársmeðaltöl vorskýrslunnar. Við samanburð milli einstakra markaða og heildarsamtaka er rétt að hafa í huga að samsetning með tilliti til starfa er mismunandi. Þannig er til dæmis hærra hlutfall stjórnenda og sérfræðinga hjá ríkinu en á almennum markaði eða sveitarfélögum og verkafólk starfar flest á almennum markaði.

5 Vægi hópa ræðst ekki af fjölda launafólks heldur af hlutfalli þeirra í launasummu alls hópsins. Sjá nánari umfjöllun um vogir í lýsigögnum Hagstofunnar.

Regluleg laun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru að meðaltali 935 þúsund krónur í maí 2026. Meðaltal grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna er hæst á almennum markaði og næsthæst hjá ríkinu. Ef horft er til vinnumarkaðarins í heild var miðgildi reglulegra launa 843 þúsund krónur. Miðgildi reglulegra launa var hæst hjá ríkinu.

Regluleg heildarlaun eru samsett úr grunnlaunum, launaaukum og yfirvinnugreiðslum.[6] Vægi grunnlauna í reglulegum heildarlaunum á vinnumarkaðnum öllum var 84%. Það er hæst hjá sveitarfélögum (88%) en lægst hjá ríki (83%), sjá mynd 4.7. Við samanburð á milli markaða og heildarsamtaka er nauðsynlegt að hafa í huga að í þeim störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða þar sem almennt tíðkast að greiða fasta yfirvinnu, er ekki endilega sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur. Í þeim tilvikum eru þær greiðslur hluti af reglulegum launum.

Mynd 4.7. ***Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi í maí 2026, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna.***




Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

6 Sjá nánari skilgreiningar á launahugtökum í viðauka II.

Þegar samsetning launa er borin saman eftir heildarsamtökum launafólks og viðsemjendum (mynd 4.8) má sjá að vægi grunnlauna í reglulegum heildarlaunum í maí 2026 er hlutfallslega mest meðal félagsmanna BHM sem starfa á almennum markaði (98%) en minnst hjá verkafólki innan ASÍ (68%). Hjá hinu opinbera eru áhrif launaauka á regluleg heildarlaun nær engin hjá félagsmönnum innan raða KÍ sem starfa hjá ríkinu, en yfirvinnugreiðslur vega hins vegar þyngst hjá launafólki innan KÍ sem starfar hjá ríkinu (23%).

Mynd 4.8. ***Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi í maí 2026 eftir mörkuðum og heildarsamtökum, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna.***




Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

4.6. Launadreifing

Dreifing launa er ólík eftir mörkuðum og samningssviðum. Spönn launa á almenna markaðnum er mun meiri en hjá hinu opinbera og vægi hærri launa er einnig meira, sem endurspeglast í því að á almennum markaði er meiri munur á meðaltali og miðgildi launa.[7] Mynd 4.9 sýnir dreifingu launa í maí 2026 auk maí 2025 til samanburðar. Dreifing launa út frá tíundamarkastuðlum, sem segja til um hlutfall launa við efstu tíundamörk (90%) á móti launum við neðstu tíundamörk (10%), er einnig mest á almennum markaði. Hærri stuðull lýsir meiri launadreifingu.[8]

Mynd 4.9. ***Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna fullvinnandi í maí 2025 og maí 2026 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.***



Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

7 Miðgildi er laun þess einstaklings sem 50% einstaklinga hafa lægri laun.

8 Við samanburð á launadreifingu milli markaða er rétt að hafa í huga að stærð almenna markaðarins er ríflega tvöföld við opinbera markaðinn í heild varðandi vægi í launavísitölunni. Auk þess eru atvinnugreinar og störf margbreytilegri á almennum markaði í samanburði við ríkið og sveitarfélög, sem gæti að hluta til skýrt meiri launadreifingu.

Tíundamarkastuðull launa sýnir hversu mikið hærri laun eru á mörkum launahæstu tíundar launafólks en á mörkum launalægstu tíundar. Tíundamarkastuðull reglulegra heildarlauna á almennum markaði var 2,46 í maí 2026, sem þýðir að launahæsta tíund launafólks er með að minnsta kosti 146% hærri laun en launalægsta tíundin er með að hámarki (sjá töflu 4.1). Mestur munur á efstu tíundamörkum í hlutfalli við miðgildi launa er á almennum markaði, en þar eru efstu tíundamörkin 65% yfir miðgildi, samanborið við 33–41% á hinum mörkuðunum. Hins vegar er munurinn á neðstu tíundamörkum og miðgildi launa sambærilegur á almennum og opinberum markaði (miðgildið er 40–48% yfir neðstu tíundamörkum). Mikla launadreifingu á almennum markaði má því einkum rekja til þess að launahæstu einstaklingarnir eru á hlutfallslega háum launum.

Þegar rýnt er í launadreifingu eftir mörkuðum kemur fram að hún er mest á almennum markaði. Dreifingin er næstmest hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, þar sem tíundamarkastuðull reglulegra heildarlauna er 2,05, og síðan hjá ríkinu, þar sem hann er um 1,97, sem þýðir að efstu tíundamörk séu um 97% hærri en neðstu tíundamörk. Munur hæstu og lægstu launa er minnstur hjá Reykjavíkurborg, þar sem efstu tíundamörk eru 94% hærri en neðstu tíundamörk (stuðull 1,94).

Tafla 4.1. ***Tíundamarkastuðull launa eftir mörkuðum í maí 2026.***

	Alls	**Almennur markaður**	**Ríki**	**Reykjavíkurborg**	**Sveitarfélög utan Reykjavíkur**
Grunnlaun	2,51	2,85	1,96	1,72	1,79
Regluleg laun	2,32	2,57	1,77	1,86	1,88
Regluleg heildarlaun	2,37	2,46	1,97	1,94	2,05

4.7. Launabreytingar miðað við launastig

Í þessum kafla eru launabreytingar frá febrúar 2024 til júní 2026 greindar eftir launastigi. Greiningin er sú sama og í vorskýrslu KTN 2026, en þá var miðað við janúar 2026. Til að reikna launabreytingar eftir launastigi var notaður paraður samanburður úr launarannsókn Hagstofu Íslands, þar sem parað var á einstakling, launagreiðanda, starf, atvinnugrein og stéttarfélag fyrir febrúar 2024 og júní 2026. Tölfræðilegt mat á gæðum úrtaks launarannsóknarinnar á þessum tveimur tímapunktum leiddi í ljós að úrtakið í júní 2026 væri vel lýsandi miðað við úrtakið í febrúar 2024.

Skoðað var: (1) grunntímakaup, þ.e. grunndagvinnulaun deilt með fjölda dagvinnustunda; og (2) reglulegt tímakaup, þ.e. summa grunndagvinnulauna auk reglulegra launaauka (vaktaálag, álagsgreiðslur, kostnaðargreiðslur og bónusgreiðslur) deilt með fjölda dagvinnustunda. Reglulegt tímakaup er sambærilegt við regluleg laun í útgáfu Hagstofunnar og þau laun sem liggja til grundvallar við útreikning á vísitölu launa. Launastig var metið út frá grunntímakaupi í febrúar 2024 og flokkað á launabil sem spanna 1.000 krónur. Launabreytingar voru metnar út frá hlutfallslegum mun.[9]

9 Mismun tímakaups í júní 2026 og tímakaups febrúar 2024 er deilt með tímakaupi í febrúar 2024: ((kaup26-kaup24)/kaup24).

Við útreikning á niðurstöðum á almennum markaði var miðað við vogir launarannsóknarinnar, sömu og í vorskýrslu, en á opinberum markaði er úrtak notað. Gögn þar sem reiknað grunntímakaup var lægra en 2.320 krónur í febrúar 2024 eða vog ekki til staðar fyrir viðkomandi hóp voru fjarlægð. Gögnin ná til iðn- og tæknifólks, verslunarfólks og verkafólks innan ASÍ auk BSRB, BHM og „annarra“ (stéttarfélaga utan heildarsamtaka) fyrir almenna markaðinn, en á opinberum markaði ná gögnin til ASÍ, BSRB, BHM og KÍ.

Niðurstöður eru birtar fyrir launafólk á almennum markaði, ríki og sveitarfélög. Gögnin byggja á úrtaki launarannsóknar Hagstofu Íslands[10] og pöruðust alls 14.274 manns á almennum markaði, 9.392 hjá ríki og 10.721 hjá sveitarfélögum. Launabreytingar eru birtar sem miðgildi breytinga fyrir hópa á tilteknu launabili. Aðeins eru birtar niðurstöður fyrir hópa þar sem eru 50 eða fleiri í pöruðu úrtaki, svo á bak við hvern punkt eru að minnsta kosti 50 einstaklingar. Stærð punkta sýnir fjölda launafólks á bak við hverja niðurstöðu: stór punktur byggir á mörgum einstaklingum og vegur þyngra en lítill. Á almennum markaði sýnir stærð hringsins veginn fjölda en á opinberum markaði fjölda í úrtaki. Fjöldi einstaklinga í einstökum launabilum og prósentuhækkanir má finna í töflum á heimasíðu KTN. Fjallað er um hvern markað fyrir sig þar sem niðurstöður eftir heildarsamtökum eru sýndar ásamt því að miðgildi allra sem eru í greiningunni er sýnt fyrir hvern markað fyrir sig. Launastig á myndunum byrjar í 2.000 kr., en á sumum mörkuðum eru engin gögn fyrir lægstu eða hæstu launabilin. Á þeim launabilum þar sem fáir einstaklingar eru að baki, einkum á hærri launabilum, geta breytingar á samsetningu hópsins haft töluverð áhrif á miðgildi launahækkana. Þegar einstaklingum fækkar eykst óvissa í matinu og niðurstöðurnar verða næmari fyrir launaþróun einstakra starfsmanna. Þetta getur skýrt mun á milli niðurstaðna sem birtar eru hér (þar sem parað er frá febrúar 2024 til júní 2026) í samanburði við niðurstöður í vorskýrslu KTN 2026 (þar sem parað var frá febrúar 2024 til janúar 2026).

4.7.1. Almennur markaður


Mynd 4.10 sýnir miðgildi launabreytinga miðað við launastig á almennum markaði eftir hópum. Á almennum markaði hefur launafólk með lægra tímakaup í febrúar 2024 fengið hærri prósentuhækkun í samburði við aðra hópa, en umsamdar launahækkanir voru hlutfallslega mestar fyrir lægstu launin í formi lágmarkskrónutöluhækkunar.[11] Miðgildi hækkunar grunntímakaups var 21% á launabilinu frá 2.000 kr. og 19% á bilinu frá 3.000 kr., en 13–15% á flestum launabilum frá 4.000 til 10.000 kr. Mynd 4.11 sýnir miðgildi hópsins, grunntímakaup og reglulegt tímakaup saman á einni mynd, og súlurnar fyrir neðan sýna hlutdeild hvers hóps af launafólki á hverju launastigi.

Hjá verslunarfólki innan ASÍ var hækkun grunntímakaups 22% á lægsta launabilinu og 19% á því næsta, hjá verkafólki innan ASÍ 21% og 18% og hjá iðn- og tæknifólki innan ASÍ 22% á bilinu frá 3.000 kr. en 16% á bilinu frá 4.000 kr. Hjá BSRB eru launabil frá 3.000 til 5.000 kr. (hækkun 19%, 16% og 17%) og hjá BHM frá 5.000 til 8.000 kr. (hækkun 15–19%). Hópurinn „aðrir“ dreifist yfir flest launabil og fylgir miðgildi hópsins nokkuð náið.

10 Launarannsókn Hagstofu Íslands byggir á úrtaki fyrirtækja og sveitarfélaga með 10 eða fleiri starfsmenn ásamt heildarsafni ríkisstarfsmanna. Þótt rannsóknin nái því ekki til alls launafólks á íslenskum vinnumarkaði eru niðurstöður vigtaðar með vogum sem byggja á staðgreiðslugögnum og er ætlað að endurspegla sem best samsetningu vinnumarkaðarins. Launavísitala Hagstofunnar byggir á sömu rannsókn og vegur almennur vinnumarkaður þar um 73%, ríkið um 14% og sveitarfélög um 13%.


11 Sjá umfjöllun um kjarasamningsbundnar launahækkanir í kafla 3.4 í vorskýrslu KTN 2026.

Mynd 4.10. ***Miðgildi launabreytinga á grunntímakaupi (efri mynd) og reglulegu tímakaupi (neðri mynd) eftir launastigi á almennum markaði eftir heildarsamtökum launafólks frá febrúar 2024 til júní 2026.***



Skýringar: Launabreytingar eru metnar með pöruðum samanburði úr launarannsókn Hagstofu Íslands fyrir febrúar 2024 og júní 2026. Launastig miðast við grunntímakaup í febrúar 2024 og er sýnt í 1.000 kr. bilum; punktar sýna miðgildi breytinga innan launabils og hnit á lárétta ásnum eru neðri mörk bila. Stærð punkta sýnir fjölda launafólks á bak við hvern punkt (vegið). Grá lína sýnir miðgildi breytinga allra í greiningunni. Aðeins eru birtar niðurstöður þar sem eru 50 einstaklingar eða fleiri. ***Á þeim launabilum þar sem fáir einstaklingar eru að baki, einkum á hærri launabilum, geta breytingar í samsetningu hópsins haft töluverð áhrif á miðgildi launahækkana. Þegar einstaklingum fækkar eykst óvissa í matinu og niðurstöðurnar verða næmari fyrir launaþróun einstakra starfsmanna. Þetta getur skýrt mun á milli niðurstaðna sem birtar eru hér (þar sem parað er frá febrúar 2024 til júní 2026) í samanburði við niðurstöður í vorskýrslu KTN 2026 (þar sem parað var frá febrúar 2024 til janúar 2026).*** *Niðurstöður byggja á 14.274 pöruðum einstaklingum á almennum markaði.*
Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 4.11. ***Miðgildi launabreytinga á grunntímakaupi og reglulegu tímakaupi eftir launastigi á almennum markaði fyrir þá hópa sem eru að baki greiningunni, ásamt hlutdeild hópa á hverju launastigi frá febrúar 2024 til júní 2026.***




Skýringar: Launabreytingar eru metnar með pöruðum samanburði úr launarannsókn Hagstofu Íslands fyrir febrúar 2024 og júní 2026. Launastig miðast við grunntímakaup í febrúar 2024 og er sýnt í 1.000 kr. bilum; punktar sýna miðgildi breytinga innan launabils og hnit á láréttа ásnum eru neðri mörk bila (grunntímakaup og reglulegt tímakaup eru færð lítillega til hliðar svo punktarnir skarist síður). Stærð punkta sýnir fjölda launafólks á bak við hvern punkt (vegið). Súlurnar fyrir neðan sýna hlutdeild hvers hóps af þeim hópum sem eru birtir á hverju launastigi. Aðeins eru birtar niðurstöður þar sem eru 50 einstaklingar eða fleiri. Á þeim launabilum þar sem fáir einstaklingar eru að baki, einkum á hærri launabilum, geta breytingar í samsetningu hópsins haft töluverð áhrif á miðgildi launahækkana. Þegar einstaklingum fækkar eykst óvissa í matinu og niðurstöðurnar verða næmari fyrir launaþróun einstakra starfsmanna. Þetta getur skýrt mun á milli niðurstaðna sem birtar eru hér (þar sem parað er frá febrúar 2024 til júní 2026) í samanburði við niðurstöður í vorskýrslu KTN 2026 (þar sem parað var frá febrúar 2024 til janúar 2026). Niðurstöður byggja á 14.274 pöruðum einstaklingum á almennum markaði.
Heimild: ***Hagstofa Íslands***

4.7.2. Ríki


Mynd 4.12 sýnir miðgildi launabreytinga hjá ríkinu miðað við launastig eftir hópum, auk miðgildi allra hópanna (grá lína til viðmiðunar). Miðgildi hækkunar grunntímakaups hjá ríkinu í heild var 17–18% á launabilum frá 3.000 til 5.000 kr., 16% á bilinu frá 6.000 kr. og 7.000 kr. og 14% við 8.000 kr. Hjá BSRB lækkar hækkunin eftir því sem launin hækka, úr 19% á bilinu frá 3.000 kr. í 13% á bilinu frá 5.000 kr., en hjá BHM er hún 16–19% á launabilum frá 3.000 til 7.000 kr. og 14% við 8.000 kr. Hjá ASÍ birtast aðeins tvö lægstu launabilin (hækkun 17% og 13%). Hjá KÍ er hækkunin 21% á bilinu frá 4.000 kr. og 18% á bilinu frá 5.000 kr., en hún endurspeglar meðal annars innáborgun vegna virðismats (3,5%) og 2,0% hækkun samhliða breytingum á skipulagi vinnutíma hjá framhaldsskólakennurum. Mynd 4.13 sýnir miðgildi hópsins, grunntímakaup og reglulegt tímakaup saman á einni mynd, og súlurnar fyrir neðan sýna hlutdeild hvers hóps af launafólki á hverju launastigi.

Mynd 4.12. ***Miðgildi launabreytinga á grunntímakaupi (efri mynd) og reglulegu tímakaupi (neðri mynd) eftir launastigi hjá ríkinu eftir heildarsamtökum launafólks frá febrúar 2024 til júní 2026.***



Skýringar: Launabreytingar eru metnar með pöruðum samanburði úr launarannsókn Hagstofu Íslands fyrir febrúar 2024 og júní 2026. Launastig miðast við grunntímakaup í febrúar 2024 og er sýnt í 1.000 kr. bilum; punktar sýna miðgildi breytinga innan launabils og hnit á lárétta ásnum eru neðri mörk bila. Stærð punkta sýnir fjölda launafólks á bak við hvern punkt (fjöldi í úrtaki, ekki vegið). Grá lína sýnir miðgildi breytinga hjá þeim sem eru að baki greiningunni. Aðeins eru birtar niðurstöður þar sem eru 50 einstaklingar eða fleiri. Á þeim launabilum þar sem fáir einstaklingar eru að baki, einkum á hærri launabilum, geta breytingar í samsetningu hópsins haft töluverð áhrif á miðgildi launahækkana. Þegar einstaklingum fækkar eykst óvissa í matinu og niðurstöðurnar verða næmari fyrir launaþróun einstakra starfsmanna. Þetta getur skýrt mun á milli niðurstaðna sem birtar eru hér (þar sem parað er frá febrúar 2024 til júní 2026) í samanburði við niðurstöður í vorskýrslu KTN 2026 (þar sem parað var frá febrúar 2024 til janúar 2026). Niðurstöður byggja á 9.392 pöruðum einstaklingum hjá ríkinu.
Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 4.13. ***Miðgildi launabreytinga á grunntímakaupi og reglulegu tímakaupi eftir launastigi hjá ríkinu, fyrir þá hópa sem eru að baki greiningunni , ásamt hlutdeild hópa á hverju launastigi frá febrúar 2024 til júní 2026.***




Skýringar: Launabreytingar eru metnar með pöruðum samanburði úr launarannsókn Hagstofu Íslands fyrir febrúar 2024 og júní 2026. Launastig miðast við grunntímakaup í febrúar 2024 og er sýnt í 1.000 kr. bilum; punktar sýna miðgildi breytinga innan launabils og hnit á lárétta ásnum eru neðri mörk bila (grunntímakaup og reglulegt tímakaup eru færð lítillega til hliðar svo punktarnir skarist síður). Stærð punkta sýnir fjölda launafólks á bak við hvern punkt (fjöldi í úrtaki, ekki vegið). Súlurnar fyrir neðan sýna hlutdeild hvers hóps af þeim hópum sem eru birtir á hverju launastigi. Aðeins eru birtar niðurstöður þar sem eru 50 einstaklingar eða fleiri. Á þeim launabilum þar sem fáir einstaklingar eru að baki, einkum á hærri launabilum, geta breytingar í samsetningu hópsins haft töluverð áhrif á miðgildi launahækkana. Þegar einstaklingum fækkar eykst óvissa í matinu og niðurstöðurnar verða næmari fyrir launaþróun einstakra starfsmanna. Þetta getur skýrt mun á milli niðurstaðna sem birtar eru hér (þar sem parað er frá febrúar 2024 til júní 2026) í samanburði við niðurstöður í vorskýrslu KTN 2026 (þar sem parað var frá febrúar 2024 til janúar 2026). Niðurstöður byggja á 9.392 pöruðum einstaklingum hjá ríkinu.
Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

4.7.3. Sveitarfélög


Mynd 4.14 sýnir miðgildi launabreytinga hjá sveitarfélögum miðað við launastig eftir hópum, auk breytingar hjá hópnum í heild (grá lína til viðmiðunar). Miðgildi hækkunar grunntímakaups hjá sveitarfélögum í heild var 17% á bilinu frá 3.000 kr. en 20% á öllum bilum frá 4.000 til 7.000 kr, sem skýrist af hlutfallslegri stærð KÍ hópsins á þessum bilum. Miðgildi hækkunar félagsfólks KÍ á bilinu frá 3.000 kr. er 26% en er 20,3% á öllum bilum frá 4.000 til 7.000 kr. Áhrif innáborgunar í febrúar 2025 hjá félagsfólki KÍ, á grundvelli samkomulags um virðismat kennara (8,0% hjá sveitarfélögum), koma skýrt fram. Mynd 4.15 sýnir sveitarfélög í heild, grunntímakaup og reglulegt tímakaup saman á einni mynd, og súlurnar fyrir neðan sýna hlutdeild hvers hóps af launafólki á hverju launastigi.

Mynd 4.14. ***Miðgildi launabreytinga á grunntímakaupi (efri mynd) og reglulegu tímakaupi (neðri mynd) eftir launastigi hjá sveitarfélögum eftir heildarsamtökum launafólks frá febrúar 2024 til júní 2026.***



Skýringar: Launabreytingar eru metnar með pöruðum samanburði úr launarannsókn Hagstofu Íslands fyrir febrúar 2024 og júní 2026. Launastig miðast við grunntímakaup í febrúar 2024 og er sýnt í 1.000 kr. bilum; punktar sýna miðgildi breytinga innan launabils og hnit á lárétta ásnum eru neðri mörk bila. Stærð punkta sýnir fjölda launafólks á bak við hvern punkt (fjöldi í úrtaki, ekki vegið). Grá lína sýnir miðgildi breytinga hjá þeim sem eru að baki greiningunni. Aðeins eru birtar niðurstöður þar sem eru 50 einstaklingar eða fleiri. Á þeim launabilum þar sem fáir einstaklingar eru að baki, einkum á hærri launabilum, geta breytingar í samsetningu hópssins haft töluverð áhrif á miðgildi launahækkana. Þegar einstaklingum fækkar eykst óvissa í matinu og niðurstöðurnar verða næmari fyrir launaþróun einstakra starfsmanna. Þetta getur skýrt mun á milli niðurstaðna sem birtar eru hér (þar sem parað er frá febrúar 2024 til júní 2026) í samanburði við niðurstöður í vorskýrslu KTN 2026 (þar sem parað var frá febrúar 2024 til janúar 2026). Niðurstöður byggja á 10.721 pöruðum einstaklingi hjá sveitarfélögum.
Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 4.15. ***Miðgildi launabreytinga á grunntímakaupi og reglulegu tímakaupi eftir launastigi hjá sveitarfélögum, fyrir þá hópa sem eru að baki greiningunni, ásamt hlutdeild hópa á hverju launastigi frá febrúar 2024 til júní 2026.***



Skýringar: Launabreytingar eru metnar með pöruðum samanburði úr launarannsókn Hagstofu Íslands fyrir febrúar 2024 og júní 2026. Launastig miðast við grunntímakaup í febrúar 2024 og er sýnt í 1.000 kr. bilum; punktar sýna miðgildi breytinga innan launabils og hnit á lárétta ásnum eru neðri mörk bila (grunntímakaup og reglulegt tímakaup eru færð lítillega til hliðar svo punktarnir skarist síður). Stærð punkta sýnir fjölda launafólks á bak við hvern punkt (fjöldi í úrtaki, ekki vegið). Súlurnar fyrir neðan sýna hlutdeild hvers hóps af þeim hópum sem eru birtir á hverju launastigi. Aðeins eru birtar niðurstöður þar sem eru 50 einstaklingar eða fleiri. Á þeim launabilum þar sem fáir einstaklingar eru að baki, einkum á hærri launabilum, geta breytingar í samsetningu hópssins haft töluverð áhrif á miðgildi launahækkana. Þegar einstaklingum fækkar eykst óvissa í matinu og niðurstöðurnar verða næmari fyrir launaþróun einstakra starfsmanna. Þetta getur skýrt mun á milli niðurstaðna sem birtar eru hér (þar sem parað er frá febrúar 2024 til júní 2026) í samanburði við niðurstöður í vorskýrslu KTN 2026 (þar sem parað var frá febrúar 2024 til janúar 2026). Niðurstöður byggja á 10.721 pöruðum einstaklingi hjá sveitarfélögum.
Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

4.8. Launaskrið

Í júlí 2026 barst Kjaratölfræðinefnd beiðni um að vinna greiningu á þróun launa umfram samningsbundnar launahækkanir frá stýrihópi sem tók til starfa fyrr á þessu ári sem hluti af þríhliða samtali stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Markmiðið væri að varpa ljósi á umfang og þróun launaskriðs. Ef hægt væri var óskað eftir niðurbroti í almennan og opinberan vinnumarkað.

Við fyrstu vinnslu verkefnisins hefur KTN komist að samkomulagi um skilgreiningar helstu hugtaka, gagnasöfnun, aðferðafræði og framsetningu niðurstaðna, en gera má ráð fyrir að verkefnið þróist áfram eftir því sem reynsla eykst og gögn verða aðgengilegri. Það mat á þróun launa umfram samningsbundnar launahækkanir[12] sem er birt hér byggir á gögnum frá Kjaratölfræðinefnd, aðilum KTN og Hagstofu Íslands.

Hugtök í greiningu á launaskriði

Mæld launaþróun: Þróun vísitölu grunntímakaups frá febrúar 2024 til júní 2026.

Kostnaðarmat kjarasamninga: Mat samningsaðila á umsömdum breytingum á öllum launaliðum kjarasamninga í núverandi lotu, þar með talið umsamin innágreiðsla vegna innleiðingar virðismats.

Innbyggðar hækkanir: Mat á sjálfvirkum launabreytingum sem fólk á rétt á samkvæmt gildandi kjarasamningum, t.d. vegna starfsaldurs og menntunar, án þess að um þær sé samið sérstaklega við endurnýjun samninga.

Aukar og aðrar metnar breytingar: Aukar sem samið var um en virkjast aðeins ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Þeir eru ekki hluti af upphaflegu kostnaðarmati. Þetta eru t.a.m. kauptaxtaauki á almennum markaði og launatöfluauki á opinberum markaði. Aðrar metnar breytingar eru breytingar á starfsmati og hækkanir vegna 7. gr. samkomulags um breytingu á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna.

Launaskrið og óvissa: Sá hluti mældrar launaþróunar sem er umfram kostnaðarmat launaliðar, innbyggðar hækkanir og aðrar samningsbundnar hækkanir. Hér er það birt ásamt óvissu í matinu.

Launaskrið er hér skilgreint sem sá hluti mældrar launaþróunar sem er umfram kostnaðarmat launaliðar, innbyggðar hækkanir kjarasamninga og aðrar samningsbundnar hækkanir. Fyrsta skrefið til þess að meta launaskrið er að skilgreina launabreytingar umfram kostnaðarmat. Þá er mæld launaþróun, sem hér er skilgreind með vísitölu grunntímakaups, borin saman við kostnaðarmat kjarasamninga. Þessi munur á kostnaðarmati og vísitölunni er ekki allur launaskrið, þar sem kostnaðarmatið

12 Þegar talað er um samningsbundnar launahækkanir í þessum kafla er átt við launahækkanir sem samið er um í samningum, oftast kjarasamningum, milli stéttarfélaga og launagreiðenda.

tekur hvorki til innbyggðra hækkana né auka eða annarra umsaminna hækkana (sjá umfjöllun hér að neðan). Þegar þessir þættir hafa verið dregnir frá launabreytingum umfram kostnaðarmat, stendur eftir launaskrið ásamt óvissu í matinu.
Miðað er við kjarasamninga yfirstandandi lotu, sem hófst í mars 2024, og vísitölu frá febrúar 2024 (áður en fyrstu hækkanir kjarasamninga komu til framkvæmda) til júní 2026. Niðurstöður eru settar fram fyrir allt tímabil kjarasamningslotunnar (uppsafnað frá febrúar 2024 til júní 2026) fyrir heildarsamtök á hverjum markaði auk vegins meðaltals fyrir hvern markað fyrir sig, sem nær til þeirra hópa sem eru í greiningunni (sjá skýringar við mynd 4.16).

Kjarasamningsbundnar breytingar á tímakaupi geta verið í formi hærri launa eða breytinga á vinnutíma. Umsamdar hækkanir launaliða eru bæði almennar hækkanir og taxtahækkanir (krónutölu- og prósentuhækkanir, þ.m.t. breytingar á launatöflum) og aðrar breytingar á launaliðum, t.d. á persónuálagi og röðun í launaflokka. Þær eru allar hluti af kostnaðarmati kjarasamninga. Utan kostnaðarmats eru innbyggðar hækkanir (t.d. sjálfkrafa hækkanir vegna starfsaldurs, aukinnar færni eða menntunar) og aukar, og eru þær metnar sérstaklega (sjá hér að neðan). Ýmsar umsamdar kjarabætur falla alveg utan greiningarinnar, t.d. breytingar á orlofs- og veikindarétti, og rétti sem tengist styrkingu orlofs-, fræðslu- og sjúkrasjóða og annarra sjóðagjalda, þar sem þessar breytingar hafa ekki áhrif á launalið eins og hann er skilgreindur í vísitölu grunntímakaups og mælast því ekki sem breytingar í vísitölunni sem notuð er sem grunnur að greiningunni.

Á almennum markaði var samið um almennar launahækkanir og taxtahækkanir í febrúar 2024 að lágmarki 23.750 krónur eða 3,25% og síðan að lágmarki 23.750 krónur eða 3,5% í janúar 2025, 2026 og 2027. Samið var á þann veg að lægstu launin hækkuðu hlutfallslega meira.[13] Á opinberum markaði var samið um sömu lágmarkshækkun, 23.750 krónur eða 3,25% í apríl 2024 og 3,5% í apríl 2025, 2026 og 2027. Hjá Kennarasambandi Íslands var fyrsta hækkunin 3,95% (framhaldsskólar 1. apríl 2024 og leik-, grunn- og tónlistarskólar 1. júní 2024) en 3,5% eftir það. Þar að auki var hjá KÍ samið um innleiðingu virðismats kennara og innáborgun vegna þess: 3,5% hjá framhaldsskólakennurum og 8% hjá leik-, grunn- og tónlistarskólakennurum í febrúar 2025. Auk þess var samið um 2% hækkun launataxta framhaldsskólakennara síðar á árinu 2025. Í hluta kjarasamninga var samið um auknar greiðslur í sjóði. Það er hluti af kostnaðarmati kjarasamninga í heild en mælist ekki sem breyting í vísitölu grunntímakaups og er því ekki tekið með þegar launaskrið er reiknað.

Auk umsaminna hækkana eru í samningunum sérstakir aukar sem virkjast ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Á almennum markaði er kauptaxtaauki, sem hækkaði lágmarkskauptaxta margra kjarasamninga um 0,58% 1. apríl 2025 og 0,06% 1. apríl 2026 og er næst metinn í mars 2027, og framleiðniauki sem ekki hefur komið til greiðslu. Á opinberum markaði er launatöfluauki, sem virkjaðist 1. september 2025 hjá BHM (1,24%) og BSRB (0,75%) hjá ríkinu. Launatöfluauki virkjaðist ekki í ágúst 2026 og verður næst metinn í ágúst 2027. Samið var um aukana í kjarasamningum, en hvort þeir virkjast og hve mikil hækkunin yrði ræðst af því hvort umsamin skilyrði ganga eftir. Þeir eru því ekki hluti af upphaflegu kostnaðarmati og ekki er hægt að vita fyrirfram hvort eða hve mikið þeir breyta launum. Hér eru þeir sýndir sérstaklega og flokkaðir sem útskýrður hluti launabreytinga umfram kostnaðarmat, ekki sem launaskrið.

13 Sjá ítarlegri umfjöllun um launahækkanir í fyrri skýrslum KTN í yfirstandandi kjarasamningslotu.

Utan kostnaðarmats eru einnig svokallaðar innbyggðar hækkanir, þ.e. launabreytingar sem fólk á rétt á samkvæmt kjarasamningum eða stofnanasamningum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þetta eru t.a.m. starfsaldurshækkanir og hækkanir vegna menntunareðaannarrarhæfni,svosemstarfsaldurs-eðahæfniþrepístofnanasamningum hjá ríkinu og persónuálag eða launaþrep hjá sveitarfélögum vegna viðbótarmenntunar og starfs- og fagreynslu.[14] Þessar hækkanir eru hluti af kjarasamningum án þess að um þær hafi verið samið sérstaklega þegar kjarasamningar eru endurnýjaðir. Þær eru því „innbyggðar“ í kjarasamningana og eru sjálfvirkar í þeim skilningi að fólk fær þær ef það uppfyllir skilyrðin. Slíkar hækkanir er að finna á öllum mörkuðum, þótt þær séu mismunandi að formi og umfangi. Mikilvægt er að taka tillit til þessara hækkana þar sem vísitala grunntímakaups mælir slíkar hækkanir sem launabreytingu og flokkast hún ekki sem launaskrið.

Í þessari fyrstu greiningu KTN á launaskriði nær kostnaðarmat síðustu kjarasamninga yfir breytingar á launalið. Til að meta raunverulegt launaskrið, þ.e. launabreytingar umfram allar samningsbundnar hækkanir, þarf því einnig að taka tillit til innbyggðra hækkana, auka og annarra metinna breytinga. Því er hér sett fram mat á innbyggðum hækkunum út frá fyrirliggjandi gögnum.

Umfjöllun um launaskrið er tvískipt hér að neðan. Annars vegar er sýnd launabreyting umfram kostnaðarmat þessarar lotu, þ.e. muninn á milli vísitölu grunntímakaups og kostnaðarmats. Hún inniheldur innbyggðar hækkanir, auka, aðrar metnar breytingar, launaskrið og óvissu. Hins vegar sýnum við frummat á skiptingu þessara launabreytinga umfram kostnaðarmat: 1) mat á innbyggðum hækkunum, 2) auka og aðrar breytingar og 3) launaskrið og óvissu.

Kostnaðarmat kjarasamninga er hér mælikvarði á umsamdar hækkanir launaliðs. Það kemur bæði frá launagreiðendum og heildarsamtökum launafólks og er skipt milli launaliðar (þ.e. áhrifa á laun og vinnutíma) og annarra kostnaðarliða kjarasamninga. Aðeins launaliðurinn er borinn saman við vísitölu grunntímakaups. Notað er upphaflegt kostnaðarmat kjarasamninganna í samningalotunni sem þýðir að innbyggðar hækkanir, aðrar metnar breytingar og aukar sem virkjast síðar eru ekki í því. Á almennum markaði nær kostnaðarmat til þeirra kjarasamninga stéttarfélaga innan ASÍ sem undirritaðir voru í mars 2024. BHM á almennum markaði er með í greiningunni en þar liggur ekki kostnaðarmat fyrir, enda semur BHM almennt um réttindi félagsmanna sinna en ekki um breytingar launaliðs á almennum markaði, svo öll launabreytingin er sýnd sem breyting umfram kostnaðarmat. Á opinberum markaði nær greiningin til ASÍ, BHM, BSRB og KÍ. Aðrir hópar (stéttarfélög utan heildarsamtaka og launafólk utan stéttarfélaga) eru ekki sýndir. [15]

14 Sjá umfjöllun um launamyndun í kafla 3.4 (bls. 30-32) í vorskýrslu KTN 2026.

15 Miðað er við vægi hópanna í launavísitölu þegar hópar eru vigtaðir saman. Sjá umfjöllun um vægi hópa í launavísitölu í kafla 4.4 hér að ofan.

Mat á innbyggðum hækkunum er hér birt með fyrirvara. Á almennum markaði er það sameiginlegt mat ASÍ og SA á starfsaldurshækkunum stærstu kjarasamninganna á því samningssviði. Ríkið, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga sáu um greiningu innan sinna markaða og voru niðurstöðurnar bornar undir heildarsamtök launafólks. Matið byggir á þeim innbyggðu hækkunum sem unnt var að meta með fyrirliggjandi gögnum, þar á meðal hluta þeirra sem eru í stofnanasamningum á opinberum markaði, og ber að túlka niðurstöðurnar í því ljósi. Aðferðir við mat á innbyggðum hækkunum eru ólíkar milli markaða. Hjá ríkinu var starfsfólk parað saman miðað við sama mánuð með árs millibili og, ef það var í sama starfi, var launabreyting þess umfram kostnaðarmat núverandi kjarasamninga metin sem innbyggð hækkun. Hjá sveitarfélögum var starfsfólk sem enn var í sama starfi einnig parað saman miðað við sama mánuð með árs millibili og var breyting á persónuálagi starfsfólksins, sem metur viðbótarmenntun og starfs- og fagreynslu, metin sem innbyggð hækkun. Árlegt mat var fært yfir á tímabilið frá febrúar 2024 til júní 2026. Á almennum markaði voru áhrif starfsaldursþrepa á launabreytingu áætluð að gefnum forsendum um starfsaldursdreifingu vinnuafls.

Aðilar áfangasamkomulags milli ríkis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, BHM og BSRB frá aðdraganda kjarasamninga vorið 2024 sömdu um jöfnun launa fagmenntaðra einkeypisstétta á grundvelli 7. gr. samkomulags um breytingu á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna frá 2016. Þær hækkanir eru umsamdar og því ekki launaskrið, en þær eru þó ekki hluti af kostnaðarmati kjarasamninganna 2024 og falla hér undir auka og aðrar metnar breytingar.

Þegar markaðir eru bornir saman þarf að hafa í huga að launamyndun er ólík eftir mörkuðum og að sama launabreyting getur átt sér ólíkar skýringar. Á almennum markaði er hluti launafólks á taxta eftir launatöflu en laun annarra eru ákvörðuð í ráðningarsamningum og kjarasamningar kveða á um lágmarkskjör. Markaðslaun og pakkalaun eru algeng og laun umfram taxta geta hækkað án þess að kjarasamningar kveði á um það. Hjá ríki og sveitarfélögum er launasetning fastbundnari. Röðun starfa í launatöflu er útfærð í stofnanasamningum hjá ríki og í starfsmati hjá sveitarfélögum.

Launabreyting umfram kostnaðarmat verður þar bæði vegna innbyggðra hækkana, til dæmis vegna starfsaldurs, aukinnar menntunar og hæfni, og vegna þess að starfsfólk færist milli launaflokka eða starfsheita, til dæmis við endurmat á starfi. Því er erfitt að bera launabreytingu umfram kostnaðarmat á almennum og opinberum markaði beint saman. Nánari umfjöllun um launamyndun á almennum og opinberum vinnumarkaði er í kafla 3.4 í vorskýrslu KTN 2026.


Launabreytingar umfram kostnaðarmat

Launabreyting er hér mæld með vísitölu grunntímakaups og sýnd sem launabreyting frá febrúar 2024 umfram kostnaðarmat kjarasamninga. Mynd 4.16 sýnir launabreytinguna í vísitölu grunntímakaups frá febrúar 2024 til júní 2026, skipt í kostnaðarmat kjarasamninga frá 2024 (blátt) og launabreytingu umfram kostnaðarmat (rautt). Rauði hlutinn er launabreyting umfram það sem kostnaðarmatið gerir ráð fyrir og er því ekki eingöngu launaskrið, heldur einnig innbyggðar hækkanir, aukar og aðrar metnar breytingar sem ekki eru hluti af kostnaðarmati kjarasamninga í samningalotunni auk óvissu í mati. Þessir þættir eru sýndir sérstaklega á mynd 4.17, sem fjallað er um hér á eftir. Vegið meðaltal sýnir meðaltal þeirra hópa sem matið nær til og eru sýndir á hverjum markaði, vegið með vægi hópanna í vísitölu grunntímakaups.

Umfram kostnaðarmat kjarasamninga samningalotunnar nam launabreytingin 6,4 prósentustigum hjá þeim hópum á almennum markaði sem greiningin tekur til, 4,5 hjá ríki, 3,0 hjá Reykjavík og 3,8 hjá öðrum sveitarfélögum á tímabilinu öllu, febrúar 2024 til júní 2026. Á almennum markaði er munur milli hópa innan ASÍ lítill, launabreyting umfram kostnaðarmat er á bilinu 5,1–6,3 prósentustig. BHM á almennum markaði sker sig úr, þar sem í langfjölmennustu kjarasamningum BHM á almennum markaði er ekki samið um breytingar launaliðs. Ekkert kostnaðarmat liggur því fyrir og öll launabreytingin (19,5%) er launabreyting umfram kostnaðarmat. BHM er með í vegna meðaltali hópa á almennum markaði en er ekki á mynd 4.17.

Hjá ríki er launabreyting umfram kostnaðarmat 6,3 prósentustig hjá BHM, 4,1 hjá BSRB og 1,5 hjá ASÍ. Þar sem samið var um styttingu vinnutíma hjá tilteknum hópum innan BHM sem ekki höfðu áður fengið slíka styttingu sýnum við áhrif vinnutímastyttingar á vísitölu grunntímakaups hjá þeim hópi og bætir KTN þeirri breytingu við kostnaðarmat kjarasamninga á einingu tímakaups. Áhrif vinnutímabreytinga eru um 0,2 prósentustig fyrir BHM hjá ríki. Hjá Reykjavíkurborg er munur milli hópa lítill (2,5–3,2 prósentustig) og hjá öðrum sveitarfélögum er hann 3,3–4,2 prósentustig, mestur hjá KÍ.

Mynd 4.16. ***Launabreyting frá febrúar 2024 til júní 2026 (grunntímakaup): kostnaðarmat kjarasamninga núverandi lotu og launabreyting umfram kostnaðarmat eftir mörkuðum og heildarsamtökum.***



Dekkri blái hlutinn hjá BHM hjá ríki sýnir áhrif vinnutímastyttingar á vísitölu grunntímakaups (0,2 prósentustig).

Skýringar: Launabreyting er mæld með vísitölu grunntímakaups frá febrúar 2024 til júní 2026. Kostnaðarmat kjarasamninga er kostnaðarmat launaliðar í upphaflegu kostnaðarmati kjarasamninga í samningalotunni og tekur hvorki til innbyggðra hækkana né auka eða annarra breytinga. Þar sem samið var um styttingu vinnutíma hjá tilteknum hópum innan BHM sem ekki höfðu áður fengið slíka styttingu sýnum við áhrif vinnutímastyttingar á vísitölu grunntímakaups hjá þeim hópi og bætir KTN þeirri breytingu við kostnaðarmat kjarasamninga á einingu tímakaups. Vegið meðaltal sýnir meðaltal þeirra hópa sem eru sýndir á myndinni fyrir viðkomandi markað og er vægi hópanna í vísitölu grunntímakaups notað sem vog. „Aðrir" (stéttarfélög utan heildarsamtaka) eru ekki sýndir og eru ekki með í meðaltalinu. Kostnaðarmat BSRB á almennum markaði er ekki sýnt, því of fá fyrirtæki standa að baki samningum þess hóps. Hópurinn er ekki með í meðaltalinu. Ekkert kostnaðarmat er fyrir BHM á almennum markaði, því í langfjölmennustu kjarasamningum BHM á almennum markaði er ekki samið um breytingar á launalið.
Heimild: ***Hagstofa Íslands, kostnaðarmat kjarasamninga og mat aðila KTN.***

Frummat á skiptingu í innbyggðar hækkanir, auka, aðrar breytingar og launaskrið

Mynd 4.17 sýnir frummat á því hvernig launabreyting umfram kostnaðarmat skiptist í innbyggðar hækkanir (ljósblátt), auka og aðrar metnar breytingar (gult) og launaskrið og óvissu (rautt), eftir heildarsamtökum á hverjum markaði. Innbyggðar hækkanir, aukar og aðrar metna breytingar (kauptaxtaauki á almennum markaði og launatöfluauki hjá ríki, auk jöfnunar launa) eru sá hluti launabreytingarinnar sem unnt er að útskýra.


Launaskrið og óvissa hjá þeim hópum sem matið tekur til er mest hjá hópum innan ASÍ á almennum markaði, 4,3–6,2 prósentustig. Árlegt meðaltal launaskriðs og óvissu frá febrúar 2024 til júní 2026 hjá ASÍ á almennum markaði er 2,5 hjá iðn- og tæknifólki, 2,3 hjá verslunarfólki en 1,7 hjá verkafólki. Á almennum markaði er mat á innbyggðum hækkunum lágt (0,1–0,4 prósentustig fyrir allt tímabilið) og aukar lágir (0,1–0,4), enda taka innbyggðar hækkanir og kauptaxtaauki aðeins til launafólks á taxta. Á ársgrundvelli eru innbyggðar hækkanir 0,02 prósentustig hjá iðn- og tæknifólki innan ASÍ, 0,2 hjá verkafólki og 0,1 hjá verslunarfólki.

Launaskrið og óvissa er 0,0–1,8 prósentustig hjá þeim hópum sem matið tekur til hjá ríki fyrir allt tímabilið en 0,0 fyrir ASÍ, 0,7 fyrir BHM, og 0,2 fyrir BSRB og KÍ á ársgrundvelli. Hjá þeim hópum sem skoðaðir voru hjá ríki er frummat á innbyggðum hækkunum 1,5–2,3 prósentustig og aukar og aðrar metnar breytingar 1,9 hjá BHM og 1,5 hjá BSRB vegna launatöfluauka og jöfnunar launa. Innbyggðar hækkanir eru u.þ.b. 0,6 prósentustig hjá ASÍ, 0,9 prósentustig hjá BHM, 0,8 hjá BSRB og 0,6 prósentustig hjá KÍ á ársgrundvelli.

Launaskrið og óvissa er 0,4–1,7 hjá Reykjavík og 1,2–2,0 hjá öðrum sveitarfélögum fyrir allt tímabilið. Hjá Reykjavíkurborg samsvarar það 0,1 prósentustigum hjá ASÍ, 0,7 hjá BHM, 0,3 hjá BSRB og 0,6 hjá KÍ á ársgrundvelli. Hjá sveitarfélögum er ársmeðaltal launaskriðs og óvissu 0,7 hjá ASÍ, 0,8 hjá BHM, 0,5 hjá BSRB og 0,8 hjá KÍ. Hjá Reykjavík og öðrum sveitarfélögum eru engir aukar, en aðrar metnar breytingar (m.a. vegna endurmats starfa í starfsmati) eru 0,3–0,6 prósentustig hjá öllum hópum sem skoðaðir voru nema hjá KÍ þar sem aðrar metnar breytingar eru engar. Hjá Reykjavíkurborg er árlegt meðaltal innbyggðra hækkana u.þ.b. 0,6 prósentustig hjá ASÍ, 0,5 hjá BHM, 0,7 hjá BSRB og 0,6 hjá KÍ. Sambærilegar tölur hjá öðrum sveitarfélögum eru 0,5 prósentustig hjá ASÍ og BHM, 0,6 hjá BSRB og 0,8 hjá KÍ.

Samanburð milli almenna markaðarins annars vegar og ríkis, Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga hins vegar þarf að skoða með hliðsjón af ólíkri launamyndun og því að greiningin tekur ekki til allra hópa á mörkuðunum. Við túlkun niðurstaðnanna þarf einnig að hafa í huga að um er að ræða fyrstu tilraun KTN til mats á innbyggðum hækkunum. Matið kann að vera ófullkomið og er birt sem frummat. Að því marki sem innbyggðar hækkanir eru ekki teknar með geta þær komið fram sem hluti af launaskriði og annarri óvissu. Launaskrið kann því að vera of- eða vanmetið og niðurstöður eru að þessu leyti háðar fyrirvara.

Mynd 4.17. ***Frummat á skiptingu launabreytinga umfram kostnaðarmat frá febrúar 2024 til júní 2026 (grunntímakaup) eftir mörkuðum og heildarsamtökum.***



Skýringar: Myndin sýnir launabreytingu umfram kostnaðarmat kjarasamninga (breyting vísitölu grunntímakaups að frádregnu kostnaðarmati) sem skiptist í mat á innbyggðum hækkunum, auka og aðrar metnar breytingar, og launaskrið og óvissu (afgang). Aukar eru kauptaxtaauki á almennum markaði og launatöfluauki hjá ríkinu. Aðrar metnar breytingar hjá ríki er jöfnun launa. Aðrar metnar breytingar hjá Reykjavík og öðrum sveitarfélögum eru mat á áhrifum endurmats starfa. Kauptaxtaauki tekur aðeins til launafólks á taxta. Mat á innbyggðum hækkunum er frummat og birt með fyrirvara. Á almennum markaði er það sameiginlegt mat ASÍ og SA á starfsaldurshækkunum, en annars staðar mat launagreiðenda sem var borið undir heildarsamtök. Hópar án kostnaðarmats eða mats á innbyggðum hækkunum eru ekki sýndir: BHM á almennum markaði, þar sem í langfjölmennustu kjarasamningum er ekki samið um breytingar á launalið, og BSRB á almennum markaði, þar sem of fá fyrirtæki standa að baki samningum. „Aðrir" eru heldur ekki sýndir.
Heimild: ***Hagstofa Íslands, kostnaðarmat kjarasamninga og mat aðila KTN.***

5. Laun eftir heildarsamtökum


5.1. Inngangur

Í kaflanum eru teknar saman upplýsingar um fjölda á kjörskrá í samþykktum kjarasamningum[1] í núverandi kjarasamningalotu, ásamt dreifingu launa (grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna) í maí 2026 eftir mörkuðum og samsetningu reglulegra heildarlauna eftir mörkuðum. Einnig er gerð grein fyrir breytingu grunntímakaups það sem af er núverandi kjarasamningalotu frá febrúar 2024 til júní 2026. Upplýsingarnar eru settar fram fyrir ASÍ, BHM, BSRB og KÍ. Á almennum markaði eru upplýsingar um ASÍ settar fram fyrir samtökin í heild, auk þess sem þeim er skipt í þrjá hópa: (1) iðn- og tæknifólk, (2) verslunarfólk og (3) verkafólk.

Í vorskýrslu KTN 2026 var dreifing launa sýnd fyrir árið 2025 en samsetning reglulegra heildarlauna fyrir maí 2025. Nú er horft til dreifingu launa í maí 2026 og niðurstöðurnar því ekki samanburðarhæfar við ársmeðaltöl vorskýrslunnar þar sem sveiflur í yfirvinnugreiðslum og launaaukum geta haft meiri áhrif til eins mánaðar en fyrir árið í heild. Fjallað er um launafólk í fullu starfi. Við samanburð milli markaða og heildarsamtaka er rétt að hafa í huga að samsetning með tilliti til starfa er mismunandi, og að munur á launum karla og kvenna sem hér er sýndur tekur ekki tillit til starfa, atvinnugreina, aldurs, menntunar eða annarra þátta. Skilgreiningar á launahugtökum er að finna í viðaukum I og II.

5.2. ASÍ


Mynd 5.1. ***Fjöldi á kjörskrám í samþykktum samningum ASÍ í núverandi kjarasamningalotu.***



Heimild: ***Kjaratölfræðinefnd.***


1 Hér er talað um samþykkta kjarasamninga þegar átt er við kjarasamninga sem ekki eru felldir í atkvæðagreiðslu. Í 5. grein laga um stéttarfélög og vinnudeilur stendur: „Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meirihluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun."

Mynd 5.2. ***Dreifing launa fullvinnandi innan ASÍ í maí 2026 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.***




Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 5.3. ***Dreifing launa fullvinnandi karla og kvenna innan ASÍ í maí 2026 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.***



Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 5.4. ***Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna innan ASÍ í maí 2026, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna.***



Heimild: ***Hagstofa Íslands.***


Tafla 5.1. ***Breyting grunntímakaups hjá launafólki innan ASÍ frá febrúar 2024 til júní 2026.***

Hópur	Markaður	Alls	Karlar	Konur
Alls	Almennur markaður	19,0%	18,5%	20,0%
Iðn- og tæknifólk	Almennur markaður	17,7%	17,6%	19,5%
Verslunarfólk	Almennur markaður	18,3%	17,9%	18,9%
Verkafólk	Almennur markaður	20,6%	20,2%	21,6%
Alls	Ríki	17,6%	16,0%	18,6%
Alls	Reykjavíkurborg	17,9%	18,0%	17,9%
Alls	Sveitarfélög utan Reykjavíkur	18,7%	18,4%	18,9%

Heimild: ***Hagstofa Íslands.***


5.3. BHM

Mynd 5.5. ***Fjöldi á kjörskrám í samþykktum samningum BHM í núverandi kjarasamningalotu.***




Skýringar: Fjöldi aðila í flokknum „aðrir aðilar" hefur verið leiðréttur frá vorskýrslu (úr 600 í 1.600) vegna leiðréttrar flokkunar samninga, sjá kafla 3.3.
Heimild: ***Kjaratölfræðinefnd.***

Mynd 5.6. ***Dreifing launa fullvinnandi innan BHM í maí 2026 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.***




Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 5.7. ***Dreifing launa fullvinnandi karla og kvenna innan BHM í maí 2026 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.***



Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 5.8. ***Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna innan BHM í maí 2026, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna.***



Heimild: ***Hagstofa Íslands.***


Tafla 5.2. ***Breyting grunntímakaups hjá launafólki innan BHM frá febrúar 2024 til júní 2026.***

Markaður	Alls	Karlar	Konur
Almennur markaður	19,5%	19,6%	19,4%
Ríki	18,4%	17,9%	18,7%
Reykjavíkurborg	15,6%	15,3%	15,7%
Sveitarfélög utan Reykjavíkur	16,6%	17,0%	16,6%

Heimild: ***Hagstofa Íslands.***


5.4. BSRB

Mynd 5.9. ***Fjöldi á kjörskrám í samþykktum samningum BSRB í núverandi kjarasamningalotu.***




Heimild: ***Kjaratölfræðinefnd.***

Mynd 5.10. ***Dreifing launa fullvinnandi innan BSRB í maí 2026 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.***




Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 5.11. ***Dreifing launa fullvinnandi karla og kvenna innan BSRB í maí 2026 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.***



Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 5.12. ***Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna innan BSRB í maí 2026, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna.***



Heimild: ***Hagstofa Íslands.***


Tafla 5.3. ***Breyting grunntímakaups hjá launafólki innan BSRB frá febrúar 2024 til júní 2026.***

Markaður	Alls	Karlar	Konur
Almennur markaður	19,8%	19,8%	19,8%
Ríki	18,5%	18,0%	18,7%
Reykjavíkurborg	17,3%	17,1%	17,4%
Sveitarfélög utan Reykjavíkur	17,9%	18,1%	17,8%

Heimild: ***Hagstofa Íslands.***


5.5. KÍ

Mynd 5.13. ***Fjöldi á kjörskrám í samþykktum samningum KÍ í núverandi kjarasamningalotu.***




Heimild: ***Kjaratölfræðinefnd.***

Mynd 5.14. ***Dreifing launa fullvinnandi innan KÍ í maí 2026 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.***




Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 5.15. ***Dreifing launa fullvinnandi karla og kvenna innan KÍ í maí 2026 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.***



Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Mynd 5.16. ***Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna innan KÍ í maí 2026, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna.***



Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Tafla 5.4. ***Breyting grunntímakaups hjá launafólki innan KÍ frá febrúar 2024 til júní 2026.***

Markaður	**Alls**	**Karlar**	**Konur**
Ríki	19,8%	20,1%	19,7%
Reykjavíkurborg	23,0%	23,7%	22,9%
Sveitarfélög utan Reykjavíkur	24,5%	24,8%	24,5%

Heimild: ***Hagstofa Íslands.***

Viðauki I

Gögn um laun og launaþróun

Kjaratölfræðinefnd byggir umfjöllun sína á sérvinnslu launagagna þar sem tekið er mið af aðferðum og skilgreiningum Hagstofunnar við gerð opinberrar launatölfræði. Sem fyrr miðast þó launabreytingar við grunntímakaup. Hagstofa Íslands gefur út vísitölu grunnlauna sem er sambærileg, en launavísitala Hagstofunnar byggir á reglulegu tímakaupi. Gögn yfir launastig taka einungis til fullvinnandi, en launaþróun tekur til launaupplýsinga fullvinnandi og í hlutastarfi. Nefndin birtir sundurliðun eftir samtökum og mörkuðum, sem er meira niðurbrot en í opinberri launatölfræði. Þessar áherslur eru í samræmi við það meginhlutverk nefndarinnar að styðja aðila vinnumarkaðarins við undirbúning kjarasamninga og mat á áhrifum þeirra.

Vinnumarkaðnum er skipt í fernt: almennan markað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Niðurstöður eru sýndar fyrir fjögur heildarsamtök launafólks á hverjum þessara markaða; Alþýðusamband Íslands (ASÍ), BHM, BSRB og Kennarasamband Íslands (KÍ). Niðurstöður um Alþýðusamband Íslands á almennum vinnumarkaði ná til félagsfólks innan Starfsgreinasambandsins (SGS), Eflingar, Landssambands íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og félagsfólks stéttarfélaga iðnaðarmanna innan ASÍ (ASÍ-iðnfélög). ASÍ-iðnfélög eru samböndin og félögin Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM og MATVÍS. Jafnframt eru birtar niðurstöður fyrir þessa þrjá stóru hópa á almennum vinnumarkaði, þ.e.a.s. SGS, LÍV og ASÍ-iðnfélög.

Meginviðsemjendur stéttarfélaga eru Samtök atvinnulífsins (SA), Samband íslenskra sveitarfélaga (sveitarfélög utan Rvk.), Reykjavíkurborg og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins (ríki). Aðildarfélög ASÍ, BSRB, BHM og KÍ gera kjarasamninga við alla fulltrúa launagreiðenda, en vægi þeirra er mjög mismunandi. Í skýrslunni eru ekki birtar upplýsingar um félagsmenn aðildarfélaga KÍ á almennum vinnumarkaði, en þeir eru fáir og er ekki að finna í launagögnum Hagstofu Íslands. Þá nær gagnasafnið ekki heldur til sjómanna. Launagögn byggja á launarannsókn Hagstofunnar, þar sem upplýsingum er safnað mánaðarlega með úrtaki fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana með tíu eða fleira starfsfólk. Rannsóknin nær til stærsta hluta vinnumarkaðar, eða um 85% af heildarfjölda launafólks, þó enn séu atvinnugreinar utan rannsóknar. Nánari upplýsingar um rannsóknina má finna hér (sjá bls. 11–22).

Gögn Hagstofu Íslands ná þannig einnig til félagsmanna stéttarfélaga utan heildarsamtaka og launafólks sem stendur utan stéttarfélaga. Kjaratölfræðinefnd er skipuð stærstu samningsaðilum vinnumarkaðar sem endurspeglar umfjöllunina. Gögn fyrir alla hópa, einnig þá sem standa utan heildarsamtaka og utan stéttarfélaga, eru birt á vef kjaratölfræðinefndar www.ktn.is.

Viðauki II

Skilgreiningar helstu launa- og tekjuhugtaka

Fullvinnandi er sá sem fær greidd laun fyrir vinnustundir (þ.e. fyrir dagvinnu og vaktavinnu) sem eru a.m.k. 90% af mánaðarlegri dagvinnuskyldu. Einstaklingur sem ekki nær 90% lágmarkinu telst vera í hlutastarfi. Dagvinnuskylda getur verið mismunandi eftir kjarasamningum.

Grunnlaun eru greidd dagvinnulaun fyrir umsaminn vinnutíma án launaauka. Grunntímakaup eru dagvinnulaun á hverja greidda stund, án launaauka.
Í þeim tilfellum þar sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum, þar sem ekki er haldið utan um yfirvinnugreiðslur eða aðrar launagreiðslur í slíkum samningum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum, en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Regluleg laun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru umreiknuð í fullt starf ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru lægri en dagvinnuskylda. Meðtaldir í þessum launum eru hvers konar launaaukar, án tilfallandi yfirvinnu, sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili.

Við útreikninga er hvorki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna. Reglulegt tímakaup eru regluleg laun (hvort sem er dagvinna eða vaktavinna) á hverja greidda stund.

Við samanburð á reglulegum launum milli hópa þarf að hafa í huga að í störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða föst yfirvinna, þá er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur. Í þeim tilfellum þar sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum og eru þær greiðslur því hluti af reglulegum launum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum, en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Hugtakið **Launaauki** er ný skilgreining kjaratölfræðinefndar á ýmsum álagsgreiðslum og bónusum sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili, oftast mánaðarlega. Vaktaálag og afkastahvetjandi bónusar eru hluti þeirra fjölmörgu launaliða sem valda því að munur er á grunnlaunum og reglulegum launum. Umfangsmestar í launaauka eru vaktaálagsgreiðslur. Í fyrri skýrslum, og í skilgreiningum Hagstofu, er munur grunn- og reglulegra launa skilgreindur sem álag og bónusar.

Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum tilfallandi yfirvinnulaunum. Ekki er tekið tillit til uppgjörs vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

Heildarlaun eru regluleg heildarlaun að viðbættu uppgjöri vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

Viðauki III

Skipulag íslensks vinnumarkaðar

Réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda á íslenskum vinnumarkaði grundvallast aðallega á kjarasamningum sem byggðir eru ofan á lágmarksreglur í lögum. Samskiptareglur verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, t.d. er varða gildissvið kjarasamninga og vinnustöðvanir, byggja á settum lögum. Dómar Félagsdóms um brot, túlkun og gildi kjarasamninga og dómar Landsréttar og Hæstaréttar gegna jafnframt veigamiklu hlutverki. Frá því Ísland gerðist aðili að EES árið 1993 hafa flestar breytingar á löggjöf sem tengjast vinnumarkaði átt rætur sínar að rekja til tilskipana ESB og kjarasamninga heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda á EES svæðinu.

Vinnumarkaðurinn á Íslandi skiptist í meginatriðum í almennan (einkageirinn) og opinberan (ríki og sveitarfélög) vinnumarkað. Lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem gilda um almennan vinnumarkað mæla fyrir um að laun og önnur starfskjör, sem aðilar vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör fyrir allt launafólk í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningurinn tekur til. Með svipuðum hætti fer á opinberum vinnumarkaði um gildissvið kjarasamninga, sbr. 7. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) eru heildarsamtök stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði. ASÍ skiptist í fimm landssambönd með 42 aðildarfélög og er félagsfólk um 147 þúsund. Þar af eru rúmlega 132 þúsund virk á vinnumarkaði.

BSRB eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna, með 18 aðildarfélög og um 25 þúsund félagsmenn. BHM eru heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði, með 23 aðildarfélög og rúmlega 19 þúsund félagsmenn. Kennarasamband Íslands (KÍ) er samband kennara og stjórnenda í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum, með sjö aðildarfélög og um 12 þúsund félagsmenn.

Heildarsamtök launafólks halda utan um sameiginleg málefni aðildarfélaga og koma fram fyrir þeirra hönd. Rétturinn til að gera kjarasamninga liggur hjá hverju stéttarfélagi sem semur um kaup og önnur kjör en samningsumboðið er oft framselt til heildarsamtaka, eða að hópur félaga tekur sig saman og semur í sameiningu. Mikill meirihluti launafólks hér á landi er félagsfólk í stéttarfélögum sem eiga aðild að heildarsamtökum, en mörg stéttarfélög standa þó utan heildarsamtaka. Helst eru þetta stéttarfélög háskólamenntaðra. Þeirra stærst eru Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, auk stéttarfélaga ýmissa heilbrigðisstétta, svo sem lækna og hjúkrunarfræðinga. Ætla má að um 19 þúsund manns séu félagsmenn í stéttarfélögum utan heildarsamtaka.[1] Þessu til viðbótar er hópur launafólks sem stendur utan stéttarfélaga. Þeir sem teljast til þessa hóps semja beint við sinn vinnuveitenda eða taka laun samkvæmt lögum. Upplýsingar um bakgrunn þeirra eru af skornum skammti, en þarna er m.a. að finna kjörna fulltrúa, ráðherra, dómara, forstjóra og forstöðumenn og stundakennara í háskólum.

1 Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

Mynd III.1. ***Skipulag launafólks á vinnumarkaði.***

Heildarsamtök				Utan heildarsamtaka	Utan stéttarfélags
ASÍ Alþýðu-samband Íslands	**BSRB** Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	**BHM** Bandalag háskóla-manna	**KÍ** Kennara-samband Íslands	Stéttarfélög utan bandalaga	Launafólk utan stéttarfélags
42 aðildarfélög	18 aðildarfélög	23 aðildarfélög	7 aðildarfélög	~40 félög	
147.000 félagsmenn	25.000 félagsmenn	19.000 félagsmenn	12.000 félagsmenn		

Mynd III.2. ***Skipulag atvinnurekenda á vinnumarkaði.***

Heildarsamtök				Aðrir atvinnurekendur
Samtök atvinnulífsins	**Fjármála- og efnahagsráðuneytið**	**Reykjavíkurborg**	**Samband íslenskra sveitarfélaga**	**Aðrir atvinnu-rekendur innan og utan samtaka**
Yfir 2.000 fyrirtæki í 6 atvinnugreina-samtökum	Kjara- og mannauðssýsla ríkisins	Mannauðs- og starfsumhverfissvið Reykjavíkurborgar	Fer með umboð fyrir flest sveitarfélög	10 samtök 8.000 atvinnurekendur eru utan samtaka
Um 70% launafólks á almennum markaði starfa hjá þessum fyrirtækjum	Semur við 82 stéttarfélög	Semur við 19 stéttarfélög	Semur við 58 stéttarfélög	Um 30% launafólks á almennum vinnumarkaði starfa hjá þessum fyrirtækjum

Helstu viðsemjendur stéttarfélaga eru Samtök atvinnulífsins, sem eru heildarsamtök atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Samtök atvinnulífsins (SA) eru stærstu samtök launagreiðenda og þeim tilheyra sex aðildarsamtök. Með aðild sinni fela fyrirtæki SA gerð kjarasamninga fyrir sína hönd. Önnur minni félög atvinnurekenda, þar á meðal Félag atvinnurekenda og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, gera einnig kjarasamninga fyrir hönd sinna félagsmanna. Áætla má að samningar SA nái til um 70% alls launafólks á vinnumarkaðnum í heild sinni og til um 98% launafólks á almennum vinnumarkaði.[2]

Fjármála- og efnahagsráðherra gerir kjarasamninga fyrir hönd ríkisins og felur hann samninganefnd ríkisins (SNR) umboð sitt til að gera kjarasamninga. Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) fer með samningsumboð fyrir hönd allra sveitarfélaga utan Reykjavíkurborgar, sem semur að mestu leyti beint við sína viðsemjendur, að undanskildum samningum við Kennarasamband Íslands og Félag íslenskra hljómlistarmanna.

Lagaumhverfi kjarasamninga

Kjarasamningur er milli stéttarfélags og atvinnurekanda þar sem samið er um kaup og kjör sem nær til allra þeirra launamanna sem vinna á félagssvæði stéttarfélagsins. Kjarasamningur kveður á um laun, vinnutíma, yfirvinnu, orlof, veikindarétt, uppsagnarrétt og fleiri atriði sem snerta kjör og aðbúnað launafólks.

Á almennum vinnumarkaði gilda lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þar kemur m.a. fram að stéttarfélög semji um kaup og kjör fyrir sína félagsmenn. Samningsumboð liggur hjá hverju stéttarfélagi fyrir sig samkvæmt lögunum, en ekki heildarsamtökum stéttarfélaga nema samkvæmt umboði aðildarfélaga þeirra. Samkvæmt sömu lögum fara einstakir atvinnurekendur eða samtök þeirra með umboð til kjarasamninga.

Á opinberum vinnumarkaði gilda að sumu leyti svipaðar reglur, en þar gilda lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Þau gilda um þá starfsmenn sem eru félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem hafa heimild til þess að gera kjarasamninga samkvæmt lögunum og eru ráðnir til starfa hjá ríki og sveitarfélögum eða stofnunum þeirra. Fjármála- og efnahagsráðherra fer að meginstefnu með samningsumboð fyrir ríkið og sveitarstjórnir einstakra sveitarfélaga.

Heimild til boðunar verkfalla liggur hjá stéttarfélögum á almennum og opinberum vinnumarkaði, en ekki heildarsamtökum fyrir þeirra hönd. Verkföll verða ekki ákveðin án sjálfstæðrar atkvæðagreiðslu félagsmanna hvers stéttarfélags. Á almennum vinnumarkaði fara einstakir atvinnurekendur og samtök þeirra með verkbannsrétt, en ekki er mælt fyrir um verkbannsrétt opinberra atvinnurekenda í lögum nr. 94/1986.

2 Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

Hlutverk ríkissáttasemjara
Samkvæmt lögum skal ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum. Samningsaðilar geta hvenær sem er óskað milligöngu eða aðstoðar sáttasemjara. Slitni upp úr samningaviðræðum aðila getur hvor um sig vísað deilunni til sáttasemjara og fer hann eftir það með stjórn viðræðna.

Ríkissáttasemjari getur lagt fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir stéttarfélög launafólks, eitt eða fleiri saman og félög atvinnurekenda, eða einstakan atvinnurekanda eigi hann í vinnudeilu. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann leggur fram miðlunartillögu, en samninganefndir taka ekki formlega afstöðu til efnis hennar.